

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

NÓVEMBER 2013



11. tbl. 16. árg.

Wilson's PIZZA
S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn á Eiðistorgi

HÖFUM OPNAÐ HEILSUHÖF
V/ SUÐURSTRÖND 10 (GAMLI SKARI)

Systrasamlagið
Virka daga: 8 - 18
Laugardagar: 10 - 16
sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid

- bls. 4-5
Dagur B. Eggertsson

- bls. 6
Tröllastrákurinn á Mýri

- bls. 8
Þrjúburar styrkja Unicef

Við berum öll ábyrgð – samfélag án eineltis



Nemendur Grandaskóla ganga frá skólanum að leikskólunum Grandaborg og Gullborg með húfur og spjöld með áletrun gegn þjóðarbölinu einelti.

Föstudaginn 8. nóvember var dagur gegn einelti og þá fengu öll börn í leik- og grunnskólum Reykjavíkur endurskinsmerki að gjöf. Á því er merki verkefnisins Vinsamlegt samfélag og áletrunin: Við berum öll ábyrgð sem var slagorð dagsins.

Allir nemendur Grandaskóla gengu frá skólanum að leikskólunum Grandaborg þar sem sungin voru og hrópuð slagorð gegn einelti. Sjá var á andlitum sumra leikskólabarnanna að þau voru svolítið hissa á þessari heimsókn

en líklega hafa aldrei fleiri komið samtímis í heimsókn á Grandaborg. Frá Grandaborg var haldið að leikskólunum Gullborg.

Með áletruninni „Við berum öll ábyrgð“ er vakin athygli á því að það er samstarfsverkefni að byggja upp og viðhalda samfélagi sem tryggir öllum börnum umhverfi þar sem þau geta lifað og starfað án eineltis og annars ofbeldis. Að því samstarfi stendur allt starfsfólk skóla- og frístundasviðs, foreldrar, börn og aðrir í samfélaginu, ss. fjölmiðlar. Vin-

samlegt samfélag er þverfaglegt verkefni á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sem nær til allra starfsstaða þess. Í tengslum við verkefnið hefur verið útbúinn gátlisti um forvarnir, inngrip og eftirfylgd í eineltismálum. Einnig var einblöðungi dreift á starfsstaði sviðsins þar sem tíundað er hvernig hver og einn getur lagt sitt af mörkum til að sérhver vinnustaður barna og unglinga sé vinsamlegt samfélag.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

PANTADU Á NETINU
www.dominos.is sími 58-12345

Fljótt og Gott

Glæsilegur heimilismatur
alla daga frá 10.30 til 20.00
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is

græn heilsa
Ægisíða 121
Sími 551 1717
Opið alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.

LANDSLEIKJATILBOÐ ALLA HELGINA

ÁFRAM ÍSLAND - STYÐJUM STRÁKANA

Melabúðin
Þín verslun

Helgartilboð

Lambaleggir 998 kr/kg.
Lambaframhryggur 1798 kr/kg.
Robin Klementínur 798 kr/ks.
2,3 kg. kassar - Steinalausar!

Ferskir kjúklingar og bringur 20% afsláttur

Fimmtudag -
Sunnudags
14.-17. nóvember
á meðan birgðir endast

Ananas
50% afsláttur

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933

Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

11. tbl. 16. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Veitingahús samþykkt við Melhaga

Á fundi byggingafulltrúans í Reykjavík var tekið fyrir erindi Faxa ehf. og Sæmundar á spari-fötunum ehf. þar sem sótt er um leyfi til að innrétta veitingahús í flokki II fyrir 55 gesti í húsi á lóð nr. 20-22 við Melhaga. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október sl. fylgdi erindinu sem var samþykkt en það samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin er lokaúttekt byggingarfulltrúa og samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

Breytingar á Sóleyjargötu 29

Á fundi byggingafulltrúa borgarinnar var tekið fyrir erindi Sólbjarkar ehf. Hávallagötu 24 þar sem sótt er um leyfi til þess að skipta einbýlishúsi í fjórar íbúðir, byggja bílgeymslu og stigahús að austurhlíð, bæta við svölum á fyrstu og annari hæð og byggja viðbyggingu á þakhæð hússins nr. 29 við Sóleyjargötu. Málinu var frestað og vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

List í nærumhverfinu

Menningar- og ferðamálaráð telur það fagnaðarefni að komin sé þverpólitísk samstaða um að list í nærumhverfi íbúa skiptir verulega miklu máli. Í ný samþykktu aðalskipulagi segir að auka skuli veg listarinnar í daglegu lífi fólks í borgarskipulaginu. Menningar- og ferðamálaráð tekur undir þau sjónarmið enda er það eitt af markmiðum menningarstefnu Reykjavíkurborgar að ásýnd borgarinnar endurspeglar skapandi hugsun. Telur menningar- og ferðamálaráð því mikil tækifæri fólgin í að leggja áherslu á listina í hverfaskipulaginu sem nú er í vinnslu. Ef greindar eru tölur yfir þau 144 útilistaverk sem borgina prýða má sjá að að meðaltali eru um 3-5 útilistaverk í hverju hverfi borgarinnar, að undanskildum miðbænum.

Best fyrir barnafólk að búa í Reykjavík

Gjaldskrár fyrir skólaþjónustu hækka um 5.70% að meðaltali í Reykjavík á næsta ári samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2014. Þrátt fyrir hækkanir verður Reykjavík ennþá með umtalsvert lægri gjaldskrár fyrir barnafólk en stærstu sveitarfélögin og er þá miðað við gjaldskrár sveitarfélaga fyrir þetta ár 2013 en reikna má með að önnur sveitarfélög hækki gjaldskrár sínar fyrir næsta ár. Í nokkrum dæmum sem fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur tekið saman og tekur mið af algengum fjölskyldustærðum er kostnaður barnafólks í Reykjavík og öðrum sveitarfélögum reiknaður út eftir hækkanir á gjaldskrár í Reykjavík. Í eftirfarandi dæmi er miðað við gjaldskrár Reykjavíkurborgar 2014 en gjaldskrár annarra sveitarfélaga 2013. Gjaldskrár Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Akureyrar eru bornar saman. Fjölskylda með tveimur fullorðnum og þremur börnum. Tvö sækja leikskóla en eitt grunnskóla og frístundaheimili. Arsútgjöld þessarar fjölskyldu vegna skólaþjónustu verða rúmlega 569 þúsund krónur í Reykjavík en eru tæpar 833 þúsund krónur hjá því sveitarfélagi

sem er með hæstu gjaldskrána. Munurinn er 264 þúsund krónur. Öll helstu sveitarfélög landsins eru umtalsvert hærri.

Krossgötur í Neskirkju

Opið hús er í Neskirkju á miðvikudögum kl. 13:30 þetta haust, og nefnist það Krossgötur. Næsti miðvikudagur, 20. nóvember, er helgaður Tchaikovsky en hann var snillingur og verkin hans lifa enn og gleða mannfólkið. Áslaug Gunnarsdóttir, píanóleikari, kemur og og leikur verk eftir hann á flygilinn í kirkjunni. Miðvikudaginn 27. nóvember rabbar Jóhann Páll Valdimarsson um líf og bækur og nefnist spjallið Bláðsiðurnar í lífinu. Jóhann Páll ólst upp í bókaútgáfu (JPV) og hefur í áratugi verið í forystu bókaútgáfu á Íslandi. Krossgöturarnar 4. desember nefnast Kyn og kynverund, en dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, lektor í guðfræðilegri siðfræði við guðfræði og trúarbragðadeild hugvísindasviðs, ræðir þá við gestina í Neskirkju.

Umferðarkvöð við Laugarveg tekin eignarnámi

Lagt var fram að nýju á fundi borgarráðs 7. nóvember sl. bréf borgarlögmans þar sem lagt er til að borgarráð samþykki að taka eignarnámi umferðarkvöð á lóð nr. 87 við Laugaveg. Jafnframt var lagt fram bréf Nordik lögfræðipjónustu með andmælum eigna- og eignarnáminu. Erindið var samþykkt var með 5 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Besta flokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Málið fer til staðfestingar borgarstjórnar með vísan til 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Formæður íslenskrar höggmyndalistar heiðraðar

Á fundi borgarráðs 7. nóvember sl. var lagt fram bréf menningar- og ferðamálasviðs 30. október sl. sbr. samþykkt menningar- og ferðamálaráðs frá 28. október sl., á tillögu að uppsetningu á garði til heiðurs formæðrum íslenskrar höggmyndalistar í Hljóm-skálagarði. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsráðs vegna staðsetningar, auk þess sem málinu er vísað til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til vinnslu við gerð fjárfestingaáætlunar.

Deiliskipulag Nordurstígsreits

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar var til umræðu breyting á deiliskipulagi vegna Nordurstígsreits. Að lokinni auglýsingu var lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs varðandi endurskoðun deiliskipulags Nordurstígsreits vegna lóðanna að Vesturgötu 24, Nýlendugötu 5a, 7 og 9 (Hlíðarhús), Tryggvagötu 4-6 og Nordurstíg 5, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs frá 10. júlí sl. Tillagan var hagsmuna-

aðilakynnt og bærust athugasemdir og ábendingar. Einnig var lögð fram umsögn Minjasafns Reykjavíkur. Athugasemdir bærust frá eigendum að Nordurstíg 5, frá Lex lögmönnun f.h. eigenda íbúðar að Tryggvagötu 4-6, frá Nýfasteign ehf., frá Húsfélaginu Tryggvagötu 4-6 og frá Sveini S. Kjartanssyni Stellu Sæmundsdóttur. Einnig var er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa. Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Reykjavíkurráð ungmenna vill aukið starf fyrir 16 ára og eldri

Á fundi íþrótt- og tómsundaráðs fyrir skemmstu var lagt fram bréf skrifstofustjóra borgarstjórnar þar sem tillögu frá fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna 8. okt. sl. um aukið starf fyrir 16 ára og eldri er vísað til meðferðar íþrótt- og tómsundaráðs og skóla- og frístundaráðs. Afgreiðslu málsins var frestað.

Æfingahelgi í sundi hjá KR

Æfingahelgi Framtíðar- og demantahóps sunddeildar KR fr fram að Minni Borg í Grímsnesi um næstu helgi og verður æft í nýlegri 25 metra útilaug og gist í félagsheimilinu á staðnum. Afrekshópur kemur í heimsókn á laugardegnum. Íslandsmótið í 25 metra laug, ÍM-25, fer fram í Ásvallalag Hafnarfirði 21. nóvember nk. Undanrásir fara fram um morguninn og úrslitasundin síðdegis.

Kjartansmót KR í borðtennis um næstu helgi

Borðtennisdeild KR heldur Kjartansmótið í borðtennis 16. og 17. nóvember nk. í KR-heimilinu við Frostaskjól. Mótið er haldið til heiðurs Kjartani Briem, fyrrverandi formanni Borðtennisdeildar KR. Í raun er hér um þrjú mót að ræða sem haldin verða þessa helgi, þ.e. Kjartansmót KR í liðakeppni unglinga, Kjartansmót KR í opinni liðakeppni og síðan punktamót í öllum flokkum.

Vesturbæingar



Menntaskólinn í Reykjavík hefur formlega verið tekinn í hóp heilsueflandi framhaldsskóla. Skólar í Vesturbænum eru víða í fararbroddi eins og endranær.

Kjarasamningar senn lausir en engin merki um vilja til samninga

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir 1. desember nk. Öll heildarsamtök samningsaðila á almennum og opinberum vinnumarkaði hafa undanfarin misseri metið ávinninginn af því ef efnahagsleg umgjörð kjarasamninga hér á landi væri svipuð og á hinum Norðurlöndunum, þar sem traust efnahagsstjórn tryggir stöðugt gengi og lága verðbólgu. Þetta kom fram á formannafundi ASÍ um kjaramál. Að mati formannafundarins er ljóst er að við þær aðstæður er vel gerlegt að auka kaupmátt launa í öruggum skrefum án þess að raska samkeppnisstöðu eða auka atvinnuleysis. Fundur formanna aðildarfélaga ASÍ telur að inn í slíkt umhverfi ættum við að stefna. Mikil óvissa setur mark sitt á komandi kjarasamninga. Ný ríkisstjórn hefur ekki boðið aðilum vinnumarkaðarins upp á nokkuð samstarf varðandi forsendur kjarasamninga né kynnt hvernig hún sér fyrir sér stjórn efnahagsmála á komandi misserum. Þannig er það ekki ljóst hvernig ríkisstjórnin hyggst ná tökum á óstöðugu gengi krónunnar og þrálátri verðbólgu, hvort og þá hvernig hún sér fyrir sér afnám gjaldeyrishafta án þess að hagsmunir launafólks og heimila verði fyrir borð bornir né hvernig hún ætlar að haga stjórn peningamála til framtíðar. Ekki liggur fyrir hvernig aðgerðir í þágu skuldsettra heimila verða útfærðar og enn síður hvaða áhrif þær aðgerðir muni hafa á þróun efnahags- og gengismála. Fundur formanna aðildarfélaga ASÍ telur að við þessar aðstæður sé útiokað að gera samninga til lengri tíma. Fundurinn telur skynsamlegt að samið verði til 6 til 12 mánaða og að sá tími verði notaður til þess að gefa stjórnvöldum kost á að eyða óvissu, skapa breiða sátt um stefnuna í helstu hagsmunamálum launafólks og samstöðu um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum. Þannig mætti nota stuttan samningstíma til að leggja grunn að kjarasamningi til lengri tíma á næsta ári. Nú er kominn nóvember og alltaf vekur það jafnmikla furðu að það er eins og ekkert sé farið að vinna í kjaramálum fyrr en samningar eru senn útrunnir. En kannski er unnið hörðum höndum allt árið í reykfylltum bakherbergjum.

Á sama tíma og ekkert miðar í samkomulagsátt lýsa tveir þriðju Íslendinga yfir því að þeir vilji þjóðarsátt á vinnumarkaði, og það er mjög eðlilegt, þetta karp í húsakynnum Ríkissáttasemjara er löngu orðið barn síns tíma. Ný könnun Capacent Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins leiðir í ljós að 66,3% landsmanna, eða tveir af hverjum þremur eru hlynntir því að gerð verði þjóðarsátt á vinnumarkaði, þar sem lögð yrði meiri áhersla á stöðugt verðlag og stöðugt gengi krónunnar en í stað þess lögð minni áhersla á launahækkanir. Tæp 17% landsmanna eru andvíg þessari leið og jafn stór hópur er hvorki hlynntur né andvígur slíkri þjóðarsátt. Getur það nokkuð verið meira afgerandi áskorun til atvinnurekenda og verkalýðsforkölfra en slík niðurstaða? Kröfur SGS um hækkun launa á annan tug prósent. Síðasta útspil gefur ekki tilefni til bjartsýni en kröfur Starfsgreinasambandið (SGS) sem settar hafa verið fram í kjaraviðræðunum þýða á annan tug prósent hækkun launa-kostnaðar að mati Samtaka atvinnulífsins. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, segir launakröfur SGS í engu samræmi við breytta nálgun á kjarasamningsgerð sem samtökin hafa talað fyrir. Seðlabankinn hafi fært sterk rök fyrir að síðustu samningar hafi slegið verulega á efnahagsbata og valdið verðbólgu. Kröfur SGS hafi ennþá frekari áhrif í þá átt, verði þær að veruleika. Þorsteinn segir að útspil SGS hafi valdið SA talsverðum vonbrigðum og ekki sé neinn viðræðugrundvöllur á þessum nótum á milli aðila. Ætli hinn almenni félagsmaður í SGS hafi vitað af þessari kröfugerð áður en henni var spilað út?

Geir A. Guðsteinsson

Hverfið okkar – Vesturbærinn

- leikvöllurinn

Hugsum okkur hverfið okkar sem risastóran leikvöll. Leikvöll fyrir stóra og smáa, unga og aldna, íslenska og útlenska. Við þræðum götur og stíga, spörkum bolta í mark, verslum inn, spjöllum á götuhornum, stelumst á trampólín nágrannans, virðum fyrir okkur nýjasta graffitiverk unglingsins, grípum rusl á fljúgandi ferð og flýtum okkur svo heim í heitt kakó.

Við íbúarnir erum sérfræðingarnir á þessum leikvelli, við vitum hvar er hægt að róla sér hæst, hvaða skjólveggur er bestur í vindátt dagsins. Borgaryfirvöld hafa ítrekað lýst yfir vilja og áhuga á að byggja og bæta leikvöllinn í samráði við okkur. Hlúa að því sem er gott og gera við það sem er bilað.

Á síðustu árum hefur nyrsti hluti leikvallar okkar Vesturbæinga verið að breytast mikið, sumir leikfélagarnir horfið af sjónarsviðinu og aðrir komið í staðinn. En alveg þangað til „korter í hrun“ var þarna iðnaðarsvæði: Daníelsslippur, Stálsmiðjan, trésmíðaverkstæði, litir, lyktil og form sem því fylgdi. Og nú eftir nokkur ár á teikniborðunum er komin niðurstaða af hálfu borgaryfirvalda um uppbyggingu, margar nýjar íbúðir, þjónusturými á neðstu hæðunum og flytjanleg söluhús fyrir hafnsækna ferðaþjónustu á hafnarbakkanum. Niðurstaðan var kynnt íbúum í maí á



Birgir Þróstur Jóhannsson, formaður Íbúasamtaka Vesturbæjar, kemur hjólandi eftir Vesturgötunni og sýnir gott fordæmi með því að nota umhverfisvænan ferðamáta.

þessu ári sem „Deiliskipulagstillaga fyrir Vesturbugt“ og var áfall fyrir marga.

Allt of mikið byggingarmagn, húshæðir of háar, mikið skuggavarp við hafnarbakkann, rof á aldagömlum tengslum gamla Vesturbæjarins við höfnina. Þetta eru atriði sem margir íbúar og íbúasamtökin hafa skrifað ítarlega um í athugasemdum sem nú eru til skoðunar hjá Skipulags- og umhverfissviði. Þar að auki voru kynningar á skipulaginu misvísandi. 18 metra há hús eru

sögð vera jafngildi 5 hæða húsum sem er rangt því yfirleitt er miðað við 3 metra á hæð (18/3 = 6 hæðir). Módelin sýna gömlu byggðina sem ferkantaða kubba, þannig að rúmmál þeirra stækkar til muna sem hentar þeim sem vilja láta nýju byggðina líta út fyrir að falla vel að þeirri gömlu. Þá var tillagan kynnt þannig að hún byggði á verðlaunatillögum Graeme Massie og félagi í Skotlandi en Graeme Massie hefur sjálfur afneitað þessu og telur af og frá að gildandi tillögu megi

heimfæra uppá hugmyndir hans. Gagnrýni hans er mjög samhljóða þeim áhyggjum sem íbúasamtökin hafa lagt fram.

Íbúar gagarýna líka ferlið og skort á tengingu við heildarsýn fyrir hverfið í heild. Hvert eiga börnin að fara í skóla og leikskóla, hvaða þjónustu vantar í hverfið, hvers konar rými vantar í hverfið og hvernig er hverfið að þróast í heild? Í hverfisskipulagsvinnu Reykjavíkur sem íbúum er boðið að taka þátt í þetta

svæði algjörlega undanskilið. Við bíðum nú spennit eftir að heyra hvort borgaryfirvöld eru tilbúin að staldra við og vinna að betra skipulagi í samvinnu við okkur, skipulagi sem tengist hverfinu betur á allan hátt, bætir það sem þegar er gott en tekur ekki frá því. „Má ekki skemma“ eins og við segjum við börnin.


Ásta Olga Magnúsdóttir
varaformaður Íbúasamtaka
Vesturbæjar

B. Markan ehf. Pípulagnir
660 6690 • 544 8611



lagnir@bmarkan.is

Skólp og drenlagnir í yfir 20 ár
Meistaraábyrgð og 50 ára ending
www.bmarkan.is



Kjartan Magnússon borgarfulltrúi hefur unnið að fjölmörgum málum í þágu Vesturbæjarins á undanförunum árum.

Við hvetjum alla til að kjósa hann í 2. sæti í prófkjörinu og styðja hann þannig áfram til góðra verka.

Grunnþjónustu í stað gæluverkefna!

Læknir og fjögurra barna faðir í borgarpólitík

„Kjarninn er sá að okkur takist að byggja og þróa Reykjavík þannig að hún þjóni sem flestum. Borgin sé fjölbreytt, skemmtileg og heilbrigð þar sem fólk geti fólk skapað þá umgjörð um lífs sitt sem það kys. Að þessu þarf að huga í öllum málflökum og í nýju borgarskipulagi erum við að stefna að þessu marki. Þetta kemur líka fram í húsnæðisstefnu borgarinnar og umferðamálum. Ég tel nauðsynlegt að spara tíma og stytta þær vegalengdir sem fólk þarf að fara til og frá vinnu og eftir daglegum nauðsynjum eins og kostur er. Ég þekki það einfaldlega sjálfur að þurfa að sækja tvo krakka í leikskóla eftir langan vinnudag og afganginn í frístundir og svo á eftir að versla. Þetta er veruleikinn. Með því að gera skólalaginn og frístundirnar samfelldar og að gefa fólki kost á að búa eins nálægt vinnunni og kostur er þá erum við að reyna að gera daglegt líf fjölskylduvænna, ánægjulegra og auðveldara,“ segir Dagur B. Eggertsson, læknir, fjögurra barna faðir og formaður borgarráðs í samtali við Vesturbæjarblaðið.

Vesturbærinn er eitt eftirsóttasta hverfi borgarinnar og spurning hvað borgaryfirvöld hafa helst á þrjónunum þar. „Við byggjum að sjálfsgöðu á því sem fyrir er í Vesturbænum. Þar eru sterkir innviðir og gott samfélag. Eitt stærsta verkefnið er að ráðast í viðbyggingu við Vesturbæjarskóla og taka skólalóðina þar í gegn samhliða,“ segir Dagur. „Við erum líka að setja niður sparkvöll við Melaskóla og fara út í spennandi samstarf með Búseta og KR við að þróa lóðina á Keilugranda 1. Þar er fyrirhuguð uppbygging íbúða en á hluta svæðisins verður þörfum krakkanna í hverfinu mætt með íþróttahúsi, sem yrði að hluta til neðanjarðar. Verður spennandi að sjá hvernig sú hugmynd þróast. Við höldum áfram viðhaldsverkefnum í Vesturbæjarlaug á næsta ári og sjáum vonandi mikla uppbyggingu í kringum Háskóla Íslands.“

Húsnæðismálin eru stóru málin

Dagur segir að með nýju borgarskipulagi sé verið að koma til móts við þarfir nýrra kynslóða og



Dagur með borgarstjóra Árósa í heimsókn hjá HB Granda í fylgd Vilhjálms forstjóra.

horfa til framtíðar. „Húsnæðismálin eru stóru málin í borginni. Það þarf að fjölga leiguíbúðum og búseturéttaríbúðum verulega og í þeim málum dugur ekkert annað en stórátak. Fleiri og fleiri eru að lenda í vandræðum vegna húsnæðis. Leiguverðið rýkur upp. Maður finnur fyrir þessum vanda víða og ekki sist hjá ungu fólki. Við þurfum að tryggja fjölskyldum og einstaklingum öryggi í húsnæðismálum. Í mínum huga er það klárlega eitt af lykilverkefnum við stjórn borgarinnar á næstu árum.“

Allt að 3000 nýjar íbúðir

„Við erum nú búin að kynna hvernig verður hægt að hefja byggingu á 2500 til 3000 nýjum íbúðum á næstu þremur til fimm árum. Í mínum huga þarf þessi uppbygging að hefjast strax. Þarna þarf borgin að taka af skarið. Ef við myndum láta þetta afskiptalaust getum við átt það á hættu að einungis stórar og dýrar íbúðir risi á eftirsóttum byggingasvæðum. Til að bregðast við því viljum við leggja fram lóðir og fara í samvinnu

við byggingasamvinnufélög, stúdent- og verkalyðshreyfinguna. Við verðum að stuðla að því að það risi hús fyrir venjulegar fjölskyldur með lægri tekjur og millitekjur. Við verðum að forðast að sum hverfi verði aðeins fyrir efnafólk eða jafnvel ríkt fólk og önnur hverfi fyrir fólk með minna á milli handanna. Þetta verður að blandast og það gefur líka af sér fjölbreyttasta, skemmtilegasta og besta mannlífið. Þetta hafa verið kallaðar röttækur tillögur vegna þess að við gerum ráð fyrir að borgin beiti sér og taki beina þátt í uppbyggingunni.“

Flugvallarmálið í góðum farvegi

Dagur segir að nýgert samkomulag um Reykjavíkurlugvöll skapi svigrúm til þess að vinna að flugvallarmálinu og finna framtíðarlausn í sátt. „Flugvallarmálið er komið upp úr skotgröfunum og í lausnamjóðan farveg. Það er mikilvægt. Óháð framtíð flugvallarins má líka víða byggja í Vatnsmýrarsvæðinu,“ segir Dagur og þess sé

ekki langt að bíða. „Það er að hefjast bygging spennandi íbúða við Hlíðarenda og á svæðum Háskóla Íslands viljum við sjá um 400 stúdentaiíbúðir rísa á næstu árum og um 300 íbúðir á lóðum við Háskólann í Reykjavík. Ef stúdentar geta búið nálægt skólunum getum við líka dregið úr umferð. Í raun má segja að húsnæðismálin séu komin á fullt með úthlutunum sem eru á næsta leiti til námsmanna og samtaka sem byggja fyrir eldri borgara. Úthluta á lóð fyrir 97 íbúðir fyrir námsmenn að Brautarholti 7 og 50 íbúðir við Kennaraháskóla Íslands við Bólstaðarhlíð. Þá er lagt til að 100 stúdentaiíbúðir risi í Skerjafirði á landi í eigu borgarinnar sem nú verður hægt að þróa í kjölfar flugvallarsamkomulagins. Við stefnum líka að því að úthluta Samtökum aldraðra lóðum undir íbúðir í Bólstaðarhlíðinni og Félagi eldri borgara í Mjódd í Breiðholti og Grund í Mörkinni. Þá viljum við að Hrafnista reisi hjúkrunarheimili við Sléttuveg. Þannig að það er mikil uppbygging í farvatninu í Reykjavík, sem betur fer,“ segir Dagur og brosir.

Áhersla á barnafólk og fjölskyldumálin

Brýn verkefni sem snúa að fjölskyldunum í borginni eru víðar en í húsnæðismálunum. „Mér finnst hlutur skólans og velferðarkerfisins stundum gleymast þegar við ræðum hvernig hefur gengið síðustu ár. Ég er mjög stoltur af starfsemi og starfsfólkinu í borginni sem hefur staðið vaktina í gegnum niðurskurð og kreppu. Þetta hefur ekki verið einfalt og kostaði auðvitað mikið álag á starfsfólkið okkar. En á meðan bankarnir hrundu stóð skólakerfið og velferðarkerfið eins og klettur af sér kreppuna. Við sjáum á könnunum að börnunum okkar líður betur en fyrir hrun og skólasterfið er að skila betri og betri árangri. Þetta skiptir ótrúlega miklu máli.“

Því það er úrslitaatriði upp á framtíðina að hvert og eitt barn geti notið sín. Þar þurfum við að gera ennþá betur en mér finnst líka mikilvægt að starfsfólkið okkar finni að nú taki við tími uppbyggingar en ekki niðurskurðar, af því að einhver stjórnmalamaðurinn vill láta kjósa sig út á óþjármögnum loforðum sem skattalækkarir. Hvað börnin varðar snýr áhugi minn ekki aðeins að hefðbundinni menntun og því sem gerist í skólalofunum, eins og íþróttum og tónlist. Ég held að frístundatilboðin séu líka mjög mikilvægur þáttur í að búa börnin okkar undir framtíðina. Þar má ekki myndast gjá á milli þeirra sem eiga foreldra sem hafa meira milli handann og hinna. Við þurfum að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri. Eg vil mjög gjarnan að borgin vinni meira með íþróttafélögum og tónlistarskólunum í þeim tilgangi að búa ákveðin frístundatilboð til þannig að allir geti fengið að spreyta sig. Við þurfum að finna leiðir til þess að öll börn geti notið þess sem er í boði.“

Ný samgöngumiðstöð mun bæta umferðarmálin

Dagur vikur að umferðarmálum. Þau eru stór hluti skipulagsmálanna. Hann segir að umræðuna um þau stundum vera undarlega. „Það er stundum látið eins og áhersla á strætó, hjól og gangandi sé beint gegn einkabílnum. Eiginlega er það öfugt. Eftir því sem fleiri nota

Afmælispartý
sushi)
samba

Sushisamba er 2ja ára og býður þér í afmælispartý 18. og 19. nóvember

Tíu vinsælustu réttir Sushisamba á 590 kr.

Las Moras léttvinsglas á 690 kr.
Corona bjór 330 ml á 590 kr.

sushisamba
Þinghóltsstræti 5 • 101 Reykjavík
sími 568 6600 • sushisamba.is

almennings-samgöngur og fara öðru vísi til vinnu en á einkabíl, þeim mun liprari verður umferðin fyrir þá sem keyra.“ Dagur segir spennandi verkefni á dagskrá í samgöngumálunum. „Strætó er í stórsókn, hjólreiðaáætlunin er á fullu og við keyptum BSÍ til að þróa þar á svæðinu alhliða samgöngumiðstöð. Ég held að ný samgöngumiðstöð á BSÍ reitnum verði mikið tækifæri. Þar verður hægt að tengja strætó, hjólalaleigur, gangandi umferð og jafnvel smart-bíla sem fólk á með öðrum. Borgarbúar geta þá tekið hraðvagna úr heimhverfinu og skipt yfir í annan ferðamáta. Þar væri hægt að taka hjól með því að strauja kreditkortid og skila því aftur eftir einhvern tíma. Frá BSÍ er líka hugmyndin að litlir rafvagnar fari um miðborgarsvæðið annars vegar og háskólasvæðið hins vegar oft á hverri klukkustund. Þannig mætti gera samgöngurnar liprari.“

Landspítalinn

Landspítalamálið hefur verið til umræðu. Mörgum finnst óráðlegt að byggja svo stóran spítala á núverandi umráðasvæði hans við Hringbraut. Slík stórbygging og fjöldavinnustaðar skapi vanda í umhverfinu og að aðrar og ef til vill ódýrari lausnir kunni að vera til á meðan aðrir telja byggingu stórspítalans eina raunhæfa kostinn.

„Ég er einlægur stuðningsmaður þess að efla heilbrigðiskerfið. Í því skipta kjör starfsfólks og starfsaðstæður máli en svo eru tvö lykiltríði: að efla heilsugæsluna og byggja nýjan Landspítala. Við munum aldrei geta veitt fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu án þess að endurnýja og sameina húsa-kost Landspítalans. Ég hef reyndar áhyggjur af því að það bakslag sem nú virðist komið í það mál hafi miklu alvarlegri áhrif á starfsemi en fólk geri sér grein fyrir. Það snýr ekki bara að tækja-

kosti og aðstæðum sjúklinga og starfsfólks. Spítalarekstur byggir ekki síst á mannaúdi. Ef það vantar skýra framtíðarsýn þá missir heilbrigðisstarfsfólk trúna á því að verja starfsævinni á Íslandi. Það er því brýnt að tak af skarið um hvert stefni og að af byggingu spítalans verði. Og þar tala ég bæði sem borgarfulltrúi og læknir.“

Hætta á fólksflotta

Dagur vikur að málefnum lands og borgar og segir að Landspítalamálið sé ekki einangrað. Stóra hætta sem við stöndum frammi fyrir sem samfélag sé hreinn atgervisflotti. Fólk muni í vaxandi mæli velja sér stað annarsstaðar í heiminum þar sem það telji sig geta búið við betri kjör. „Ég tel að borgin hafi þarna miklu hlutverki að gegna. Reykjavíkurborg verður að vinna vel með atvinnulífinu. Vinna með litlum og meðalstórum fyrirtækjum og gera borgarumhverfið að kjörlandi fyrir þau. Við þurfum alls konar atvinnulíf, verslun og viðskipti, verkstæði og smáidnað, skapandi greinar og kvikmyndagerð, sjávarútveg og ferðaþjónustu. Við þurfum einnig að vinna með háskólunum og þekkingarstarfsemi þar sem miklu fleiri tækifæri geta orðið til í krafti aukinnar nýsköpunar. Það sjáum við til dæmis með nýrri fjárfestingu lyfjafyrirtækisins Alvogen sem mun skapa mörg spennandi störf og er afrakstur samstarfs borgarinnar og Háskólans. Það er að sama skapi glapræði að skera niður til rannsóknar- og nýsköpunar eins og ríkisstjórnin virðist ætla sér. Ég vona að fólk sjá að sér í því. Sama má segja um skapandi greinar menninguna. Við þurfum að lyfta og styðja við menninguna sem gerir lífið skemmtilegra og borg þess virði að búa í henni. Ég held að menning og afþreying skipti glettilega miklu máli fyrir lífs-gæði fólks.“

Lýðheilsan og „alls konar borg fyrir alls konar fólk“

Læknirinn kemur upp í Degi og hann fer að ræða um lýðheilsuna og borgina. Hvernig fólk hreyfir sig. Hvernig geðræktinni er hátt- og annað er snýr að heilbrigði. „Þarna hefur borgin verk að vinna. Hreyfing er ótrúlega mikilvæg. Þarf ekki að vera merkileg eða mikil áreynsla. Að fara út á kvöldin til þess að ganga eða skokka. Þetta tengist því einnig að krakkarnir okkar hreyfi sig í skólanum en sitji ekki bundinn í stól allan daginn. Við þurfum að horfast í augu við breytta tíma. Fólk situr á stól við vinnu sína eða í skóla en fer svo heim og þá tekur seta við sjónvarp eða tölvu við. Við þetta verða nýjar þarfir til í borgarsamfélaginu – þarfir fólks fyrir útivist og hreyfingu.“

Ég finn sjálfur hversu gott er að hlamma sér í sófann að loknum vinnudegi og á erfitt með að koma hreyfingu að í minni dagskrá. Ég hugsa að svo sé um marga fleiri og þess vegna þarf umhverfið að verða hvetjandi. Eitt af því er að fólk geti nálgast nauðsynjar í göngufæri eða aðra þjónustu. Við höfum beint augum að þessu í nýju borgarskipulagi. Að færa þjónustuna inn í íbúðahverfin en ekki út úr þeim. Við þurfum að búa til fjölbreytta borg – „alls-konar borg fyrir allskonar fólk“ eins og Jón Gnarr komst að orði í kosningabaráttu sinni. Þetta eru í raun hin aldagömlu kjörorð jafnaðarstefnunnar en komin í þann búning að fólk skyldi þau betur vegna þess að slagorðin um jöfn tækifæri fyrir alla þau ná ekki að fanga fjölbreytileikann í samfélaginu jafn vel og allskonar borg fyrir allskonar fólk þótt kjarninn í þeim sé sá sami.“

Línurnar eru að skýrast fyrir vorið

Nú líður að lokum kjörtímabils. Nánasti samverkamaður Dags á kjörtímabilinu Jón Gnarr hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér. Þetta breytir landslaginu í borginni. Hvernig kys Dagur að sjá næsta kjörtímabil fyrir sér. „Ég held það geti skipt miklu máli á næstu árum hvernig Samfylkingunni gengur í kosningunum í vor. Línurnar eru að skýrast. Við viljum að borgin beiti sér í húsnæðismálum til að tryggja húsnæðisöryggi fjölskyldna. Þar dregur Sjálfstæðisflokkurinn lappirnar og vill treysta alfarið á einkaframtakið. Og einhverjir þar segjast jafnvel vilja afturkalla nýja aðalskipulagið. Ég er ekki viss um að þeir átti sig á því hvaða óvissu það myndi kalla yfir uppbyggingu, atvinnulíf og borgarbúa almennt.“

Úr þeirri átt á ég líka von á því að gylliboð um skattalækkanir fari að heyrast. Við slík loforð verður ekki hægt að standa nema með miklum niðurskurði í skólum og velferð. Ætli það fyrsta yrði ekki það að lækka fjárhagsaðstoð við fólk sem ætlað er að láta enda ná saman með 163.000 kr. á mánuði. Það er ekki stefna sem ég er tilbúinn að skrifa upp á. Ég vil forgangsraða í þágu skólanna og þjónustunnar og leggja áfram áherslu á atvinnumál, uppbyggingu og framkvæmdir í hverfunum. Það gengur ekki að allt sé stoppað þó nýr meirihluti taki við. Það þarf áfram að halda fast á málum Orkuveitunnar og fjármálum borgarinnar. Það þarf að vera vakandi fyrir hag barna og barnafjölskyldna og búa vel að öldruðum. Í þessum málum hafa borgar-búar getað treyst Samfylkingunni. Og það munu þeir geta áfram.“

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070



NÁÐU GÓÐU GRIPI Á VETRINUM MEÐ MICHELIN VETRARHJÓLBÖRÐUM



ALPIN A4

- Hljóðlát og gripgott
- Naglalaust vetrardekk
- Ný APS gúmmi blanda tryggir gott grip í öllum hitastigum
- Flipamunstur tryggir gott grip þó líði á líftíma dekkisins
- Margátta flipamunstur tryggir hliðar, fram og hemlagrip



X-ICE NORTH

- Léttir álnaglar sem eru niðsterkir og hljóðlátir
- 10% styttri hemlunarvegalengd á ís
- Allt að 30% færri naglar
- Aukið öryggi og meiri virðing fyrir umhverfinu



X-ICE

- Hjólbardi hannaður fyrir borgarbíla og fjölskyldubíla
- Mikið skorið og stefnuvirkt munstur sem veitir frábært grip í hverskyns aðstæðum.
- Endingargott naglalaust vetrardekk



1.
SÆTI

HALLDÓR
í fyrsta sæti
leiðtogi sem kann til verka

Halldorhalldors.is | facebook.com/halldorifyrstasaetid

12 volta díóðuljós og perur

Nýjar 12v led perur, betri lýsing, minni eyðsla.

Tilvalið í jólapakkann.



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Vesturbæjarblaðið www.borgarblod.is



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Gjafir frá Þorraseli í verkefnið „jól í skókassa“

Góður hópur kvenna í Þorraseli tekur þátt í verkefninu „Jól í skókassa“ í ár. Þetta eru miklar handavinnukonur sem þrjúuðu og heklúðu húfur, vettlinga, sokka, trefla, tuskudýr og bolta.

Auk fatnaðar og leikfanga voru skriffæri og stílabækur, tannburstar og tannkrem og smá sælgæti sett í hvern kassa. Gjafirnar verða sendar til Úkraínu og verður meðal annars dreift á munaðarleysingjaheimili, barnaspítala og til barna sem búa við sára fátækt. Í Þorraseli voru útbúnir fjórir kassar fyrir drengi og fjórir fyrir stúlkur og standa vonir til að gjafirnar gleði lítil hjörtu sem eiga um sárt að binda. Einnig stendur til að gleða íslensk börn, og hefur þegar safnast mikið af handavinnu til að lauma undir tré hér á landi um jólin. Það eru KFUM og KFUK sem standa að verkefninu „Jól í skókassa.“



Handavinnukonurnar sem þrjúuðu og heklúðu í „jól í skókassa.“

Leikskólinn Mýri:

Fékk fyrsta eintakið af „Tröllastrákurinn sem gat ekki sofnað“

Á föstudeginum fyrir rúmri viku las Sigríður Arnardóttir, Sirrý, úr glænýrri barnabók sinni, „Tröllastrákurinn sem gat ekki sofnað,“ í leikskólanum Mýri í Litla-Skerjafirði og gaf um leið leikskólanum fyrsta eintak bókarinnar sem var þann sama morgun á fara á bókamarkaðinn.

Tröllastrákurinn Vaki leikur sér í sveitinni allan liðlangan daginn en þegar nóttin læðist yfir sveitina fer allt að titra og skjálfa. Foreldrar Vaka hrjóta svo hátt og ógurlega í hellinum að hvorki Vaki né dýrin í sveitinni geta sofnað. Ekki fyrr en hann finnur snilld-arlausn á þessum vanda!

Saga Sirrýar er með gullfallegum og líflegum myndum eftir Freydísi Kristjánsdóttur. Bókinni fylgir geisladiskur með lestri Kristjáns Franklín Magnúss leikara á sögunni.



Sigríður Arnardóttir með börnunum á leikskólanum Mýri. Lestur Sirrýar vakti verulega áhuga barnanna.

Vesturbæjarblaðið Sími: 511 11 88

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

VÍS



Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk

Nágrannar Holtsgötu 41b ganga eftir svörum frá borgarstjórn

Ingvar Arnar Sigurjónsson, sem sæti á í hússtjórn Sólvallargötu 82, segir að mál húsfélagsins og mótmæli vegna ákvörðunar borgaryfirvalda um ráðstöfun á Holtsgötu 41b hafi fengið góða umfjöllun í Vesturbæjarblaðinu og á Rás2 fyrir í síðasta mánuði og stuðning við málflutninginn víða að. Ingvar Arnar segir að þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hafi borgaryfirvöld ekki viljað ræða þessi mál við hagsmunaaðila / íbúa.

Húsfélaginu hefur nú borist svar við bréfi sem húsfélagið sendi 15. ágúst sl. en húsfélagið óskar eftir að efni bréfsins verði sent á raf-rænu formi til að auðvelda dreifingu á efni þess til hagsmunaaðila á svæðinu og annarra sem málið kann að varða. Í framhaldi af þeirri kynningu mun húsfélagið senda formlegt svar við bréfinu til borgaryfirvalda.

„Íbúar hér geta ekki sætt sig við svona vinnubrögð af hálfu borgaryfirvalda sem án nokkura skýringa eða haldbærra raka fara gegn vilja íbúa í nágrenni þessa umdeilda húss. Við höfum nokkrar spurningar varðandi bréfið frá þér en það er okkar mat að þar sé engu svarað og í raun farið í kringum viðfangsefnið.

Hefur Reykjavíkurborg látið gera faglega úttekt á ástandi hússins til að geta metið hvaða framkvæmdir þarf að fara í og í hvaða forgangs röð þannig að húsið verði eigendum þess og umhverfinu til sóma, uppfylli kröfur Minjasafns Reykjavíkur og Minjastofnunar Íslands?

Hvað telst vera sómasamlegt ástand?

Hvaða samtök eru þetta og hvað kemur til að þeim er falið þetta verkefni?

Er gert ráð fyrir að þeir noti húsið til búsetu?

Hversu margir verða þá íbúarnir að jafnaði?

Hvaða fagkunnáttu hafa þau til að takast á við þetta verkefni?

Liggur verkáætlun fyrir? (punktarnir sem taldir eru upp í bréfinu frá þér er engin verkáætlun, lítur frekar út eins og bráðabirgðaplan sem kastað er upp í flýti)

Hver verður verkefnisstjóri þessara endurbóta?

Hefur Minjasafn Reykjavíkur og/ eða Minjastofnun Íslands verið haft með í ráðum?

Liggur kostnaðaráætlun fyrir? Hefur verkefnið eitthvert upphaf og endi - liggur verkáætlun fyrir?

Hver er framtíðarsýn fyrir húsið?

Og síðast en ekki síst!

Hvers vegna var þetta verkefni ekki kynnt íbúum/hagsmunaaðilum - heldur tekin sérstök ákvörðun á fundi borgarráðs að gera það ekki? Með þessu bréfi ítrekum við andstöðu okkar við þessa ráðstöfun og að húsinu verði fundinn farsæll farvegur til framtíðar enda nóg komið af bráðabirgðalausnum tengt því. Við förum fram á að



Holtsgata 41.b.

borgarráð afturkalli ráðstöfunina og kalli að lágmarki saman íbúumfund með öllum hagsmunaaðilum við Sólvallargötu, Ánanaust, Holtsgötu og Framnesveg þannig að

hægt sé að fara yfir framtíð hússins og svæðisins sem afmarkast af ofangreindum götum,“ segir Ingvar Arnar Sigurjónsson.

Fjölbreytt aðventudagskrá í Vesturreitum

Enn einu sinni eru jólin að nálgast og í Vesturreitum, félagsmiðstöðinni Aflagranda 40, er kominn aðventuhugur í manskapinn.

Vinsæla aðventudagskráin, sem fræg er orðin langt út fyrir Vesturbæinn, er óðum að fyllast og kennir þar ýmissa grasa; einsöngvarar, kórar, sagnfræðingar, sögumenn, prestur og organisti, rithöfundar og trúbadar svo nokkuð sé nefnt. Torgstemning verður ríkjandi í upphafi aðventunnar þar sem hægt er að kaupa ýmsan varning, s.s. snyrtivörur, skartgrip, jólafötin og jólakertin handgerðu frá Hlíðabæ. Þarna má því gera góð jólagjafakaup.

Nýtt atriði á dagskránni er laufabrauðsdagur. Fimmtudaginn 5. desember nk. kl. 13.00 býðst gestum að kaupa laufabrauðskökur í stykkjatali, koma og skera þær út og fá þær steiktar í eldhúsinu. Þanta þarf laufbrauðið í félagsmiðstöðinni fyrir fimmtudaginn 28. nóvember en allar nánari upplýsingar fást á skrifstofunni í síma: 411-2702 og 411-2711. Engin má missa af þessum fjölbreyttu dagskrárliðum, sem auglýstir verða um allt hverfið er nær dregur jólaföstu.

ÍSLANDSKEKX

ilmandi **KEX smiðjan** ljúffengt

TREFJARÍKT HEILHVEITIKEX

HAFRAKEX

ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ – NJÓTTU

www.kexsmidjan.is

www.facebook.com/Kexsmidjan

Príburar í Sörlaskjólinu:

Héldu tombólur í sumar til styrktar UNICEF

Inn á skrifstofu UNICEF á Íslandi komu nýlega yndislegir príburar sem haldið hafa ítrekaðar tombólur upp á síðkastið. Krakkarnir hafa staðið fyrir utan Eiðistorg og við Melabúðina og gerðu þetta m.a. nánast allar helgar í sumar. Í haust komu þau svo ásamt móður sinni, Magneu Vilhjálmsdóttur, með ágóðan af ársstarfi sínu til UNICEF, 40.000 krónur!

Þau Berglind, Kristín og Magnús Magnúsbörn sýna með þessu frábært fordæmi og þeirra framlag mun hjálpa ótal öðrum börnum í heiminum.

„Við ræðum þessi mál mikið heima fyrir og ég er sjálf heimsforeldri UNICEF. Krakkarnir voru nokkuð lengi að koma sér saman um hvaða málefni þau ættu að styrkja með peningunum sem þau hafa safnað, enda þurftu þau öll þrjú að vera sammála um það,“ sagði Magnea Vilhjálmsdóttir, mamma þeirra. Hún segir þau á endanum hafa komið sér saman um að styrkja UNICEF því þau viti að mörg börn víðs vegar um heiminn búi við afar bág kjör, fái ekki að borða og lifi við



Príburarnir Berglind, Kristín og Magnús.

erfiðar aðstæður. Þau héldu tombólur nánast allar helgar í sumar úti á Eiðistorgi og í nokkur skipti fyrir utan Melabúðina. Krakkarnir lögðu heilmikla vinnu í þetta, bæði við að finna dót og safna því saman og við að halda

tombólurnar sjálfar. Við treystum UNICEF til að verja þessum peningum vel svo þeir geti hjálpað sem flestum,“ sagði Magnea. Þau Berglind, Kristín og Magnús verða 11 ára í desember og eru í 5. bekk í Grandaskóla.

Jógastúdíó í Ánanaustum

Jógastúdíó opnaði nýverið á nýjum stað, að Ánanaustum 15. Fram til þessa hafði Jógastúdíó áður verið á Seljavegi. Nýi staðurinn er hjartur og hlýlegur og tekur starfsfólk vel á móti fastakúnnnum sínum sem og þeim sem vilja prufa yoga.

Drífa Atladóttir, sem á og rekur Jógastúdíó, lærði upphaflega hjá Guðjóni Bergmann. Árið 2010 fór hún til Equador og stúderaði jógafræðin enn frekar, þar sem áhersla var lögð á Power jóga. Þá hefur hún einnig verið duglega að sækja námskeið bæði innanlands sem utan. Auk Drífu starfa fjórir aðrir faglærðir kennara í stúdíóinu. Þar er boðið upp á fjölbreytta tíma, eins og slökunarjóga, hefðbundið Hatha jóga, kröftugt Power jóga, Hot jóga og Jógadans, svo að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Í hverjum mánuði fara af stað byrjendanámskeið fyrir þá sem vilja



Jóga er ekki bara hollt, heldur einnig gott fyrir líkama og sál.

frekari handleiðslu og ná undirstöðuatriðum jóga betur. Nánari

upplýsingar má finna á heimasíðu Jógastúdíó, jogastudio.is



Kvartett Kristjönu Stefánsdóttur.

Tónlistardagar í Dómkirkjunni

Tónlistardagar stóðu í Dómkirkjunni frá 27. október sl. til 9. nóvember og voru á dagskrá 6 tónleikar. Tílfnið var 120 ára ártíð Páls Ísólfssonar og hófust tónlistardagarnir með hátíðarmessu á kirkjuvígsludegi, 27. október.

Páll Ísólfsson var fæddur 12. október 1893, var íslenskt tónskáld, orgelleikari, píanóleikari, hljómsveitarstjóri og söngstjóri. Páll gegndi fjölda starfa og var einn helsti forystumaðurinn í íslenskum tónlistarmálum á 20. öld. Páll fæddist á Stokkseyri. Til

Reykjavíkur kom hann árið 1908 og lærði tónlist hjá Sigfúsi Einarsyni. Hann lærði á orgel hjá Karl Straube í Leipzig og fór síðan til Parísar til frekara náms. Að því loknu hóf Páll störf við tónlist á Íslandi og var dómorganisti frá 1939 til 1967.

Þann 1. nóvember sl. voru tónleikar sem nefndust „Blítt er undir björkunum“ en þar kom fram kvartett Kristjönu Stefánsdóttur. Þeir sem komu í Dómkirkjuna það kvöld áttu yndilega stund við að hlusta á frábæra listamenn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurhlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkygningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er



Glæsilegt jólahlaðborð í hádeginu og á kvöldin

Girnileg jólahlaðborð í hádeginu og á kvöldin og jólabröns laugardaga og sunnudaga – frá 15. nóvember og fram til 27. desember. Afslappað andrúmsloft, góð þjónusta og dýrindis matur draga að vinnufélaga, vinahópa og saumaklúbba á virkum dögum og kvöldum.

www.skrudur.is

Skrúður

Linsan komin á Skólavörðustíg 41 eftir 41 árs starfsemi

Gleraunverslunin Linsan hefur flutt úr Aðalstræti á Skólavörðustíg 41. Aðgengi að versluninni er afar gott, næg bílastæði þrátt fyrir að Skólavörðustígurinn sé að verða ein helsta verslunargata Reykjavíkur.

Gegnumstreymi fólks er þar mikið sem auðvitað er afar

hagstætt fyrir þá sem þar eru með viðskipti. Frá upphafi hefur Linsan ávallt lagt áherslu á að bjóða gæðagleraugu á góðu verði. Hágæða sjóngler frá franska fyrirtækinu Essilor sem er leiðandi í þróun sjónglerja og einnig úrval umgjärða meðal annars frá Alain Mikli, Cartier, Morel, Reykjavík Eyes, Philippe

Starck, Converse, Sky Vintage o.fl. Starfsfólk Linsunnar býr yfir áratuga reynslu til að veita viðskiptavinum góða sérfræðiráðgjöf en góð þjónusta hefur verið og er jafnframt eitt helsta aðalsmerki Linsunnar.



Í glæsilegri verslun Linsunnar við Skólavörðustíg, f.v. Birgir, Sigrún og Ásta. Linsan var stofnuð 1972 og í dag eru starfsmenn 6 talsins.

Jólatón- leikar kórs Neskirkju

Jólatónleikar kórs Neskirkju verða í kirkjunni miðvikudaginn 11. desember nk. og verður með hefðbundnum hætti.

Vesturbæingar eru hvattir til að koma og njóta góðs söngs og draga í sig jólahelgina sem fylgir því að hlýða á jólatónleika.



Steingrímur Þórhallsson, organisti og stjórnandi kórs Neskirkju.

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir
krossar á leiði!



JS LJÓSA SMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

HUGMYNDIN ÞÍN GÆTI ORÐIÐ AÐ VERULEIKA!

Vesturbær

BETRI HVERFI 2014

betrireykjavik.is



Reykjavíkurborg leitar nú til íbúa í þriðja sinn um að koma með hugmyndir að verkefnum sem bætt geta hverfi borgarinnar. Kosið verður um hugmyndirnar í hverfiskosningum 2014. Settu hugmyndina þína á Betri Reykjavík – Betri Hverfi 2014 betrireykjavik.is



Betri hverfi með blóm í haga!

Tekið verður við hugmyndum frá 1. nóvember til 1. desember

 **Betri hverfi**

Forval verkefna í hverfum Reykjavíkur

Settu hugmyndina þína inn á Betri hverfi á betrireykjavik.is í nóvember.

Lára Óskarsdóttir í 4. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins, 16. nóvember.



Áherslur:

- Umferðarmál og skipulagsmál.
- Velferðarmál.
- Skóla og frístundamál.
- Ég vil horfa á borgina sem eina, stóra heild. Myndaða úr sjálfbærum hverfum sem sjá íbúum fyrir menningu og þjónustu.

Facebook: Lára Óskarsdóttir í 4. sæti



Stoltur hópur með árangurinn.

Mikilvæg græn skref í Vesturreitum


Fimmtudaginn 31. október sl. fengu starfsmenn á Vesturreitum viðurkenningu fyrir að ljúka skrefi -2 í Grænu skrefunum svokölluðu. Vesturreitir er félagsmiðstöð og heimaþjónusta sem staðsett er á Aflagrandi 40.

Verkefnið Græn skref snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi Reykjavíkurborgar ásamt því að skapa fordæmi í því að minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti. Verkefnið er innblásið frá umhverfisstjórnunarkerfi Harvard háskóla í Bandaríkjunum

sem nefnist „Green Office” og er ætlað að minnka neikvæð umhverfisáhrif háskólans. Framkvæmd verkefnisins er einföld og aðgengileg og allir vinnustaðir á vegum Reykjavíkurborgar geta tekið þátt. Grænu skrefin eru alls fjögur talsins og þetta umhverfisstjórnunarkerfi byggist á fjölmörgum aðgerðum. Öllum vinnustöðum borgarinnar býðst að tileinka sér þessar aðgerðir og hafa þannig jákvæð áhrif á umhverfið, bæta starfsumhverfi starfsmanna sinna og draga úr rekstrarkostnaði.

Starfsfólki og notendum á Vesturreitum er umhugað um umhverfið og vill vera vistvænt og sýna gott fordæmi í verki. Á Vesturreitum er allt sorp flokkað, pappír nýttur eftir fremsta megni og rafmagnsnotkun og útprintun í lágmarki. Nú er stefnan sett á að ljúka skrefi þrjú eins fljótt og auðið er og hvetur starfsfólk á Vesturreitum fleiri vinnustaði Reykjavíkurborgar til að taka þátt í verkefninu.

Örn Þórðarson í 5. - 6. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins



Þekking Reynsla

www.facebook.com/xornthordarson

Frístundamálarar sýna í Ráðhúsinu

Frístundamálar hafa myndað með sér samtök, sem reyndar eru ekki ýkja gömul. Nýlega efndu samtökin til sýningar í Ráðhúsinu, og vakti sýningin verulega athygli enda voru mörg málverkanna með áberandi listrænu yfirbragði.

María Manda Ívarsdóttir er einn frístundamálaranna.

Hér er hún hjá málverki sínu, en hver og einn sýndi aðeins eitt verk og þau eru öll í sömu stærð.



Grillið
Á HÓTEL SÖGU

Villibráðarmatseðill Grillsins verður í boði frá 6. til 13. nóvember.

Jólaveisla Grillsins hefst 21. nóvember. Bjóðum upp á þriggja, fjögurra og sjö rétta matseðla með íslensku lostæti í hátíðarbúningi.

Framúrskarandi hráefni, metnaðarfullir matreiðslumenn og úrvalþjónusta gera Grillið að veitingastað á heimsmaelikvarða. Upplifðu eitthvað sérstakt – komdu í eftirminnilega kvöldstund í Grillið.

Radisson BLU Hótel Saga | 8. hæð | sími 525 9960 | www.grillid.is

Ungmennaráð Vesturbæjar:

Vill aukið samráð við ungt fólk


Fundur Reykjavíkurráðs í ráðhúsi Reykjavíkur fór fram þann 8. október síðastliðinn. Þar fluttu sex fulltrúar ungmennaráða úr Reykjavík jafnmörg erindi. Ungmennaráð Vesturbæjar var með sinn fulltrúa á fundinum.

Erindin voru fjölbreytt og lögðu fulltrúar ungmennaráða fram tillögur um betri lífsleiknikennslu í skólum, bætt félagsmiðstöðvarstarf, aukið starf fyrir 16 ára og eldri, bættan hverfisbrag í Grafarholtinu, aukið samráð við ungt fólk og breytingu á nemakortum í strætó. Fulltrúi ungmennaráðs Vesturbæjar, Elín María Árnadóttir, flutti tillögu um aukið samráð við ungt fólk, en samkvæmt henni þarf að leita oftartil Reykjavíkurráðsins og annars ungs fólks um mál sem tengjast ungu fólki sérstaklega. Aðrir meðlimir Ungmennaráðs Vesturbæjar sátu fundinn og höfðu gagn og gaman af. Nú er bara að vona að raddir og hugmyndir þessara frambærilegu ungmennaráðsliða fái góðan hljómgrunn í framtíðinni. Þetta er fólkíð sem erfir landið, og því



Fulltrúarnir samankomnir í ráðhúsinu.

ekki að stimpla sig fyrir inn í þjóðfélagsumræðuna en ungt fólk á þessum aldri gerði fyrir á árum, svo ekki sé talað um fyrir á öldum.



facebook.com/linsan.is

LINSAN ER FLUTT EFST Á SKÓLAVÖRDUSTÍG

20% afsláttur af gleraugum til 30. nóvember

Hágæða sjongler og vandaðar umgjarðir
Veldu gæði og gott verð

LINSAN
Skólavörðustíg 41 • 551 5055

TALNASPEKI - HEILUN - MIÐLUN

Kvöldnámskeið fyrir byrjendur með **Bjarka Ólafssyni** og **Ólafi Thorarensen**. Öll höfum við hæfileika til að skynja umhverfi okkar, en erum þó misjafnlega meðvituð um það. Stígðu skrefið og upplifðu nýja hluti á skemmtilegan hátt með einfaldleikann í fyrirrúmi!

Næstu námskeið verða haldin 18. nóvember og 2. desember kl. 18:15-22:15. Takmarkaður fjöldi á hverju námskeiði. Verð 15.000 kr.


spamidar@gmail.com

Spámiðlar



Björn Gíslason
slökkviliðsmaður

4
sæti í Reykjavík



Arnór L. Pálsson
frankvæmdastjóri

Ísleifur Jónsson
útfararstjóri

Frimann Andrésson
útfararþjónusta

Jón Bjarnason
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta

Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta

Þorsteinn Elíasson
útfararþjónusta

Ellert Ingason
útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM



Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Hagaskóli:

Allar tilhneigingar til eineltis tekna alvarlega

Baráttudagur gegn einelti var sl. föstudag. Baráttunni gegn einelti var haldið á lofti með ýmsum hætti.

Í Hagaskóla ákvað nemendaráð skólans að hvetja allir nemendur sem þess ættu kost að klæðast gulu til að sýna samstöðu. Margir gerðu svo.



Þessar stelpur voru í matartíma þegar litið var við í Hagaskóla. Þær sögðu einelti vera ógeðslegt.

Félagsmiðstöðvardagurinn tókst frábærlega

- unglíngarnir settu upp þrautir í Frosta

Miðvikudaginn 6. nóvember stóðu félagsmiðstöðvar á Íslandi og SAMFÉS fyrir svokölluðum Félagsmiðstöðvadegi. Félagsmiðstöðvarnar í Reykjavík tóku af því tilefni vel á móti gestum á öllum aldri og kynntu starfsemi sína.

Á Félagsmiðstöðvadegi blómstrar unglíngamening í Reykjavík enda bera unglíngar og unglíngaráðin hitann og þungann af undirbúningi dagsins. Menning þeirra fær að njóta sín í hönnun, kvikmyndagerð, tónlist, dansi, leiklist og myndlist. Lögð er megináhersla á að sýna sköpunargleði unglínga, enda eru þeir mótandi menningarafli í nútíð og framtíð. Í öllum félagsmiðstöðvum borgarinnar var gestum boðið upp á kaffi og kökur og þeir leiddir með í leik og spil.

Þá verða víða sýnd brot úr splunkunýjum Skrekkatriðum, en undirbúningur að hæfileikakeppninni sem fram fer í Borgarleikhúsi síðar í þessum mánuði, stendur nú sem hæst.

Félagsmiðstöðin Frosta var með opnar dyr fyrir gesti og gangandi. Unglíngarnir í Frosta voru búin að setja upp allskyns þrautir á borð við skissukeppni, blöðrupílukast og fönður. Stórskemmtileg dagskrá hófst svo á slaginu 19:00. Á dagskránni mátti finna söngatriði, magadansatriði, uppstand og fleira. Skemmtilegur dagur í alla staði, en ekki síður afar metnaðarfull, ekki bara á þessum degi því alla daga má segja að þar fari fram metnaðarfull starfsemi.



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

ARON ÓLAFSSON
Í 4.-5. SÆTI Í PRÓFKJÖRI SJÁLFTÆÐISMANNA Í REYKJAVÍK



- Umhverfismál og fegurri borg
- Jafnréttismál
- Skynsöm uppbygging ferðaþjónustu



Sköpum ungum fjölskyldum tækifæri

Næstu borgarstjórnarkosningar skipta gríðarlegu máli. Á mörgum sviðum stöndum við á krossgötum. Nýtt aðalskipulag hefur mætt mikilli gagnrýni og fjölmargar athugasemdir hafa borist vegna þeirrar stefnu sem þar er sett fram. Aðalskipulag fjallar um allt borgarsamfélagið og þess vegna er undirstöðuatriði að um það ríki sátt og að sem flestir borgarbúar fái tækifæri til að móta framtíð borgarinnar. Þúsundir hugmynda hafa borist frá borgarbúum en allt of margar hafa verið lagðar til hliðar í stað þess að finna þeim stað í nýju aðalskipulagi. Skipulag sem á að ná til borgarinnar allrar er byggt á hinu smáa og nærtæka. Þess vegna skipta hugmyndir sem eiga rætur sínar í nærumhverfinu miklu máli. Aðalskipulag á auðvitað að endurspeglar sameiginlega sýn borgarbúa og það á að taka mið af þörfum allra sem í borginni búa.

Tækifæri til uppbyggingar

Þétting byggðar í eldri hverfum borgarinnar er ekki ný stefna í skipulagsmálum en uppbygging á þéttingarreitum hefur alltaf haldist í hendur við uppbyggingu í úthverfum. Uppbygging sem einskorðast við þéttingarreiti vestarlega í borginni tekur ekki mið af þörfum ungra barnafjölskyldna. Þessu verður að breyta og opna fyrir fjölbreytni.

Framtíð Reykjavíkur liggur í að skapa ungum barnafjölskyldum aðstæður til að stofna heimili og tækifæri til uppbyggingar í barnvænum hverfum og góðum skólum. Nýtt aðalskipulag Reykjavíkur skapar ekki slíkar aðstæður. Það er einsleitt og lýsir þröngri sýn höfunda á borgarsamfélagið.

Það er áhyggjuefni að ungar barnafjölskyldur horfa fram hjá borginni og kjósa að hefja sinn búskap í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta sýna tölur um íbúafjölgun og þær staðfesta einnig að það er unga fólkíð sem flytur frá Reykjavík.

Gjaldskrárhækkanir bitna hart á barnafjölskyldum

Gjaldskrárhækkanir sem meirihluti borgarstjórnar hefur boðað eru ekki til þess fallnar að breyta þeirri þróun. Frá því að hann tók við í júní 2010 hafa leikskólagjöld hækkað um 40%, gjaldskrá Frístundaheimila hefur hækkað um 50% og lengd viðvera á frístundaheimilum hefur hækkað um 112% svo dæmi séu tekin. Engin sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hækka gjaldskrár eins og Reykjavíkurborg og ekki þarf að taka fram að laun hafa ekki hækkað um 40 - 50 % á þessum tíma. Slíkar hækkanir hafa veruleg áhrif á kaupmátt og greiðslugetu borgarbúa og koma

harðast niður á ungum fjölskyldum. Útgjöld barnafjölskyldu með tvö börn á leikskóla og eitt barn í grunnskóla hafa aukist um 440.000 krónur á ári vegna skatta og gjaldskrárhækkana meirihluta borgarstjórnar.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa varað við afleiðingum slíkra hækkana og nú hafa aðilar vinnumarkaðarins tekið undir þá gagnrýni. Forseti Alþýðusambands Íslands lét á formannafundi sambandsins nýlega þau orð falla að gjaldskrárhækkanir borgarinnar væru algerlega galin aðgerð. Forsenda þess að hægt sé að létta álgögum á borgarbúa er að fjármálastjórn borgarinnar verði tekin föstum tókum. Viðvarandi hallarekstri borgarsjóðs og sívaxandi skuldaföngun verður að snúa við. Þannig tryggjum við heilbrigðan rekstur, aukin lífsgæði og aðstæður fyrir ungar barnafjölskyldur.

Júlíus Vífill Ingvarsson



Júlíus Vífill Ingvarsson.

Liðsheild og umburðarlyndi

Erlendur Ó. Pétursson, formaður KR 1933-35 og 1937-58, varð goðsagnapersóna í eigin lífi. Hann fæddist í Götuhúsum 1893, litlum steinbæ sem enn stendur á horni Vesturgötu og Bakkastígs. Hann var forstjóri Íslendsdeildar Sam-einaða gufuskipafélagsins, mikill félagsmálamaður og með áhuga á leiklist. Það var þó fyrst og síðast KR sem átti hug hans og hjarta. Annar frægur Vesturbæingur, Þórbergur Þórðarson rithöfundur, segir í skrafi sínu við þriðja fræga Vesturbæinginn, Matthías Johannessen, skáld og fyrrv. Morgunblaðsritstjóra, að honum komi alltaf Erlendur í hug þegar hugað sé að mönnum sem taki starf sitt alvarlega. Ástæðan var sú að Erlendur treysti sér ekki að horfa á KR leika við mótherja sína á Melavellinum af ötta við að KR tapaði. Hann beið þess vegna oft í bíl fyrir utan, lét færa sér fréttir af gangi mála, en hætti sér inn fyrir ef KR var tveimur mörkum yfir. Þetta kemur fram í skemmtilegustu samtalsbók allra tíma, í kompaní við allífið, þar sem Matthías ræðir við Þórberg, veturinn 1958-59.

Þessir þrír Vesturbæingar hafa sögu að segja. Maður stendur með sínu liði og gengur til leiks til að sigra. Þetta lærði ég þegar ég æfði og keppti í handbolta og körfubolta með KR á mínum yngri árum. Við heyrum nú sífellt oft að sá sem er stoltur af því að vera Íslendingur hljóti að vera ófgafullur þjóðernissinni og sá sem er stoltur af því að vera Reykvíkingur hljóti að fyll-

ast drambi og fordómum gagnvart öðrum sveitafélögum. En þessu fer víðs fjarri. Góður liðsmaður ber virðingu fyrir mótherjum sínum og er heiðarlegur keppandi, en virðingin fyrir öðrum hefst alltaf á sjálfsvirðingu.

Samtalsbókin í kompaní við allífið, er ekki einungis ómetanleg heimild um einn litríkasta rithöfund þjóðarinnar. Hún er falleg saga um vináttu tveggja afar ólíkra manna. Annar fór fyrir þeim sem vörðu utanríkisstefnu frælsis, mannréttinda og lýðræðis á dögum Kalda stríðsins, en hinn hafði um árabíl verið einn beittasti penni kommúnismans. Sú vináttu varð ekki til án hugrekks og heiðarleika. Við eigum þess vegna að virða aðra, hvar í flokki sem þeir standa og vega og meta skoðanir þeirra og röksemdir. En í stjórnáttum má aldrei varpa stefnunni og liðsheildinni fyrir róða. Þá glötum við lýðræðinu, stjórnáttamenn breytast í embættismenn og kjósendur hafa ekki lengur valkost.

Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi og frambjóðandi í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



Marta Guðjónsdóttir.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

www.borgarblod.is

HRÓI HÖTTUR • HRINGBRAUT 119 • SÍMI 55 44 444

Við sendum heim ljúffengan mat af grillinu

Steikur, hamborgarar, samlokur, pítur, pizzur svo eitthvað sé nefnt.

Það er einnig upplagt að koma við og njóta ljúffengra veitinga í vinalugu umhverfi á Hróa Hetti Hringbraut 119



Bernskuminningar úr Vesturbænum

Átti heima í Melaskóla sem var vígður sama dag og ég fæddist!

Hlynur Smári Þórðarson húsgagnasmiður er jafngamall Melaskólanum, fæddur 5. október 1946, eða sama dag og Melaskólinn var settur í fyrsta sinn. Það skemmtilega við það er að fyrstu 22 ár ævinnar bjó hann í skólanum, því faðir hans, Þórður Ágúst Þórðarson, var húsvörður við skólann. Móðir hans var Aðalheiður Þorsteinsdóttir og bræðurnir Þórnyr og Þorsteinn og systirin Guðrún Jóhanna.

„Það var frábært að búa í Melaskólanum og þetta stóra hús var algjör ævintýraheimur fyrir litla krakka eins og mig. Ég þvældist með pabba um allan skólann svo það var ekki til sá staður sem ég hafði ekki komið á. Pabbi var með óteljandi lykla á kippu og mér fannst hann vera með lykil að hverri hurð. Fyrstu árin var öllum gefið lýsi í skólanum, en eftir að lýsispillurnar komu til sögunnar fengum við bræðurnir aðstöðu í kompunnri þar sem lýsið hafði verið geymt og þar útbjuggum við myrkrakompu og framkölluðum ljósmyndir um skeið. Allar vörur fyrir skólann voru geymdar í stóri geymslu sem alltaf gekk undir nafninu „kaupfélagið.“ Það var sannnefni, því þar var að finna allt milli himins og jarðar. Það eru ekki margar sem eru bókstaflega alltaf í skólanum. Ég held að sumir hafi ófundað mig af því að

eiga heima í skólanum en mér fannst það mikil forréttindi.

Ein af fyrstu minningum mínum frá bernskuárunum í skólanum er þegar Barbara Árnason listamaður var að mála veggskreytingar í samkomusal og skála skólans ásamt fleiri stöðum. Sat ég löngum stundum í tröppunum í skólanum, stilltur og þrúður að sjálfsgöðu! Og fylgdist með henni mála verkið „Börn að leik“ og fannst mikið til koma en fannst penslarnir allt of litlir. Í lokin gaf hún mér skissuna sem hún gerði verkið eftir, og á ég hana enn.

Hóf hvern dag á því að syngja sálm eða vers

Ég var mög heppinn með kennara þar sem hún Sigríður Eiríksdóttir var og minnst ég alltaf hennar með hlýhug og virðingu. Hún hóf hvern dag á því að bekkurinn söng einhvern sálm eða vers, og er ég viss um að það var til góðs.

En svo lauk náminu hjá henni Sigríði og ég þurfti að ganga í skólann! Hagaskólinn var reyndar ekki langt frá. Ég átti lengi heima í Breiðholtinu eftir að ég flutti úr Vesturbænum, en í dag bý ég í Grafnarvoginum. Auðvitað kem ég einstaka sinnum í Vesturbænum, og lít þá æskuheimilið, Melaskólann, augum. Mínar tilfinningar til skólans eru alltaf sterkar.”



12 ára A í Melaskóla árið 1959 ásamt umsjónarkennaranum, Sigríði Eiríksdóttur.



Melaskóli og ég!



Hlynur Sævar Þórðarson. Barbara Árnason skreytti skólann og fylgdist Hlynur vel með henni þegar hún var að mála myndina „Börn að leik.“ Barbara gaf honum skissuna sem hún málaði eftir þegar verkinu lauk.



Við bræðurnir, ég, Þórnyr og Þorsteinn með pabba.



Stelpurnar sátu alltaf gluggamegin en við strákarirnir nær ganginum. Fremstur situr Þorgeir Logi Árnason og honum hægri hönd Sigurður Sigurjónsson. Aftan við Þorgeir er ég, Hlynur Þórðarson og við hlið mér Steinn Ágúst Baldvinsson. Aftan við mig sitja Jón Halldórsson og Hjörtur Hansson, síðan tvíburarnir Hreinn og Leifur Vilhjálmssynir og aftast Pétur Þór Jónsson og við hlið hans á hægri hönd Sigurður Karlsson.



Pattaralegur krakki!

Tímasett verkáætlun og hreinn meirihluti

Það er af nógu að taka þegar rætt er um stefnumál Reykjavíkurborgar sem eru margþætt og spennandi. En það þarf að koma þeim í framkvæmd í öflugum meirihluta. Talað er um að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki náð hreinum meirihluta í borginni lengi og að landslagið hafi breyst það mikið að það sé varla gerlegt lengur. Þessi umræða er mér ekki að skapi því árangur okkar í kosningum byggist alltaf á því hvernig okkur tekst til með blöndu af endurnýjun og reynslu á listanum. Og í framhaldi af því hversu áhugaverð og raunhæf stefnumálin verða og þar með hvort þau höfða til meirihluta borgarbúa eða ekki. Það er okkar sem ætlum að vera í framboði fyrir borgarbúa að hafa sjálfstraust og skýra sýn á hvert við sjálf ætlum. Kjósendur fylgja þeim sem veit hvert hann ætlar og hvernig hann ætlar þangað.

Sjálfstæðisfólk í Reykjavík mun ákveða listann í prófkjöri 16. nóvember. Það er persónukjör þar sem fjöldi fólks ákveður niðurstöðuna. Ekkert framboð stillir upp sínum listum með eins lýðræðislegum hætti og

Sjálfstæðisflokkurinn gerir.

Fái ég til þess umboð mun ég leggja fram tímasetta verkáætlun um hvernig koma skuli stefnumálum í framkvæmd og hvenær á kjörtímabili. Í forgangi verða:

- Rekstur borgarinnar og lagfæringar á honum
- Hlutverk höfuðborgarinnar sé rækt og þannig gætt að hagsmunum borgarbúa
- Höfuðborgin hlúi að samgöngum, ekki síst innanlandsfluginu
- Taka upp nýtt aðalskipulag vegna þéttingar byggðar og umferðarmála
- Þetta byggð og bæta aðstöðu gangandi og hjólandi vegfaranda en ekki á kostnað þeirra sem vilja og þurfa nota bílinn sem samgöngutæki
- Auka enn frekar áherslur á vistvænar samgöngur, bæði einkabilinn og almenningssamgöngur. Tæknin leiðir okkur inn á nýjar brautir
- Innleiða nýja hugsun í skólamállum
- Öll félagsþjónusta á að miðast við að vernda og gæta og hjálpa fólki til sjálfshjálpar
- Finna hagkvæmar leiðir til að

nýta einkareksturinn og hræðast ekki breytingar

Hér eru aðeins nokkur mikilvæg dæmi tekin. Með tímasettri verkáætlun geta borgarbúar fylgst með hvernig gengur að vinna eftir slíkri áætlun og minnihlutinn hefur um leið ágætis verkferil til að vinna eftir og halda nýjum meirihluta við efnið. Þannig skapast aðhald og eftirlit með því að við sem lofum að vinna verkin gerum það í raun. Ég mun leggja mig fram um að vinna þau verk, sem borgarbúar fela mér að vinna, af alúð og samviskusemi.

Sjálfstæðisfólk í Reykjavík getur treyst mér til að leiða lista Sjálfstæðisflokksins í höfuðborginni til góðs árangurs í kosningum næsta vor.



Halldór Halldórsson.

Halldór Halldórsson



Styðjum Mörtu í 3. sæti í prófkjöri sjálfstæðisflokksins í Reykjavík nk. laugardag.

Stuðningsmenn

marta.is

Marta Guðjónsdóttir
3. sæti

„Þannig tynist tíminn“

Við bæjarmörk Reykjavíkur og Seltjarnarness ólst móðir mín upp í húsi er nefnt er Bjarg. Í þá daga seldi afi íbúum Vesturbæjar egg og mjólk, beint frá bónda. Á stríðsárunum hóf mamma mín fyrstu viðskipti með því að safna tónum kókflöskum frá hermönnum og selja. Síðar á sömu öld, þó öldin væri allt önnur, flutti ég með eiginmanni og börnum í Vesturbæinn. Við fjölskyldan bjuggum við annan kost en móðir mín og afi í bleiku fjölbýlishúsi. Þó afi og mamma séu bæði látin standa húsin Bjarg I og Bjarg II enn við Nesveg. Steinsteypan stendur, löngu eftir að húsbyggjandinn er farinn það krefst vandaðra vinnu-

bragða ekki síst varðandi skipulag. Skipulag krefst framtíðarsýnar. Sú sýn þarf að þjóna íbúum með ólíkar þarfir. Þó Vesturbæinn teljist gróð hverfi er ekki svo að ekki megi endurskoða skipulag hverfisins. Battavellir njóta vinsælda í sumum hverfum. Kaffihús spretta upp víða, hugsanlega vilja Vesturbæingar sötra sitt „latte“ við grásleppuskúrana við Ægisíðu. Foreldrum norðan Hringbrautar gæti fundist þurfa greiðara aðgengi barna þeirra að KR. Það gæti líka hugsast að einhverjum þætti mega nýta skólaþróttahúsin betur fyrir KR.

Við sjálfstæðismenn í Reykjavík veljum okkar fólk á lista í nóv-

ember. Það er mikilvægt að sem flestir taki þátt í prófkjöri og setji upp sterkan lista. Við ætlum að mæta keik til leiks í vor tilbúin í slaginn. Undirrituð býður sig fram í 4 sæti í komandi prófkjöri.



Lára Óskarsdóttir.

Lára Óskarsdóttir
formaður Félags sjálfstæðismanna í Laugames og Túnahverfi



SYSTRASAMLAGIÐ


-verslun og kaffihús-

Viridian vítamín- og bætiefnalínan er framúrskarandi virk, fullkomlega "vegan" og án allra aukaeftna, eða "nastis". Viridian er líklega vandaðasta bætiefnalínan á markaðnum í dag og fæst í Systrasamlaginu.



Afgreiðslutími: Virkir dagar 9 - 18
Laugardagar 10 - 16

Suðurströnd 10, Seltjarnarnesi
Fyrir neðan sundlauginu og World Class.
Sími : 511 6367 www.facebook.com/Systrasamlagid



Ljósmyndastofa Erlings

Eiðistorgi, Seltjarnarnesi.

Fjölskyldu- og barnamyndatökur.

Stúdens- og fermingarmyndatökur.

Passamyndir.

Falleg mynd er góð og ómetanleg gjöf.

Tímappantanir í síma 5520624.



Ljósmyndastofa Erlings
Silla og Erling
552-0624
erling.is

Styrkjum Vesturbæinn - styrkjum hverfin

Vesturbærinn er mér sérstaklega kær. Amma og afi bjuggu í Sörlaskjólum og þar var ég mest á mínum yngri árum. Ég kynnist hverfinu betur en öðrum hverfum og þykir sérstaklega vænt um það. Meira þykir mér samt vænt um KR. Það kom aldrei neitt annað til greina en að halda með KR. Afi, Óskar Ólafsson brunavörður, var mesti KR-ingur sem ég hef kynnst. Honum þótti ekkert skemmtilegra en að fylgjast með fótbolta „úti KR“. Hann fylgdist með yngri og eldri flokkunum, strákunum og stelpunum, á æfingum og í keppni. Hann þekkti alla í KR og allir þekktu hann.

Ég var ekki gamall þegar ég fór fyrst á völlinn, gamla Melavöllum, með afa og pabba og bræðrum hans. „Að fara á völlum“ varð helsta fjölskylduskemmtunin. Ég hef síðan þá farið á flesta leiki KR, sennilega yfir þúsund leiki, meira en helminginn í Frostaskjólum. Oft hefur þurft að takast á við mót-læti og þá hefur reynt á staðfestu og þolinmæði okkar KR-inga. En í seinni tíð höfum við sem betur fer, oftar tekið á móti sigrum og velgengni.

Afi Óskar skyldi það að til að ná árangri til framtíðar þurfti að huga vel að góðu grunnstarfi. Að það þurfti að rækta yngri flokkana til að fá góða meistaraflökka. Sama á við rekstur sveitarfélaga, þar þarf að huga vel að grunn-

þjónustunni. Framlag borgaryfirvalda til íþrótt- og tómstundamála skiptir miklu, sem og góðir skólar og góð almannaþjónusta.

Ég vil gera veg hinna ólíku hverfa meiri í Reykjavík meiri. Þar á að „þétta“ byggðina, þ.e. að gera hana meira aðlaðandi og áhuga-verðari, efla þjónustu og verslun. Að öll hverfin í Reykjavík fái að njóta sinnar sérstöðu. Að það sé stutt fyrir yngri og eldri íbúa hverfanna að sækja sína þjónustu.

Þetta vil ég gera í öllum hverfum borgarinnar. Ekki bara í Vesturbænum. Þó ég sé KR-ingur þá veit ég að KR þarf á verðugum andstæðingum að halda, til að vaxa og dafna. Og gera deildina meira spennandi. Þess vegna myndi ég styðja öll íþróttalið í Reykjavík við sína uppbyggingu í sínum hverfum. Nema þegar búið er að flauta leikinn á. Þá styð ég bara KR. Áfram KR!

Örn Þórðarson sækist eftir 5. til 6. sætinu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.



Örn Þórðarson.

„Lagfæra þarf Hofsvallagötuna með heildarsýn hverfisins að leiðarljósi“

Hofsvallagatan er mikilvæg gata í Vesturbænum. Hún er okkar „boulevard“ og er með fallegan sjón-ás frá Landakoti niður að sjó. Hins vegar er hún of hættuleg. Íbúar hafa í mörg ár beðið borgaryfirvöld um aðgerðir til að takmarka þar hraða. Það rímar við stefnu Reykjavíkurborgar um að lækka hraða á umferðargötum sem skera í sundur skólahverfi. Til þess eru nokkrar leiðir færar og þekktust þeirra hraðahindranir sem mörgum þykir nú nóg komið af í borginni. Því hefur borgin verið að þreifa sig áfram með aðrar leiðir til að takmarka hraða og stuðla að meira öryggi. Ein þeirra er að þrengja götur. Það er því um margt skiljanlegt að borgaryfirvöld hafi freistað þess að þrengja Hofsvallagötuna með hjólastígum til að lækka þar hraðann. Sú tilraun gekk hins vegar of langt, var illa útfærð og miklum peningum eytt í tilgerðarlega og óþarfa vitleysu sem enginn hafði beðið um. Íbúar létu því í sér heyra og í samstarfi við þá var brugðist við með aðgerðum til að koma til móts við þær athugasemdir. Raunveruleikinn er þó sá að fáir eru raunverulega sáttir.

Þá skiptir mestu máli að horfa til framtíðar. Það liggur fyrir hjá borgaryfirvöldum að Hofsvallagatan verði tekin í hönnunarferli um endanlega útfærslu götunnar. Úr því sem komið er brýnt að sú vinna fari strax af stað og í víðtæku samráði við íbúa. Vesturbæingar þekkja hverfið sitt best og vita hvernig er

best að samræma kröfur íbúa um aukid öryggi og að ekki sé verið að valda tilgangslausum töfum í gatnakerfinu. Nýverið tók ég við sem formaður hverfisráðs Vesturbæjar. Ég mun leggja til að hlustað sé á kröfur Vesturbæinga og farið strax í víðtæka vinnu við að lagfæra Hofsvallagötuna með heildarsýn hverfisins og kröfur íbúa að leiðarljósi. Þannig bætum við ánægju og lífsskilyrði íbúa.

Það eru ekki mörg hverfi í Reykjavík sem hafa jafnmikla hverfisvitund og Vesturbærinn. Það er eitt af því sem gerir einstakt að búa þar. Við eigum að geta verið stolt af Hofsvallagötunni og við eigum líka að geta verið örugg með skólabörnin okkar í þessu frá-bæra hverfi.

Hildur Sverrisdóttir Höfundur er formaður hverfisráðs Vesturbæjar og frambjóðandi til fyrsta sætis í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



Hildur Sverrisdóttir.

Verndun atvinnustarfssemi við Gömlu höfnina

Höfundur er þeirrar skoðunar að ferðapjónustan skiptir Reykjavík höfuðmáli. Ferðapjónustan dregur að mikinn fjölda erlenda gesti sem og Reykvíkinga sjálfa. Menning okkar hefur fengið að dafna vegna þessarar þátttöku gesta í því fjölbreytta umhverfi sem Reykjavíkurborg býður upp á. Þetta allt saman stuðlar að öflugra og skemmtilegra mannlífi sem hefur hvað mest blómstrað í miðborginni okkar. Slíkt er okkur öllum til hagsbóta. Í slíku umhverfi myndast mörg störf fyrir íbúa borgarinnar, mikilvægar tekjur og möguleikar fyrir nýsköpun. Höfundur er hlynntur skynsamri uppbyggingu ferðapjónustunnar sem hann telur borginni til góða.

Dæmi um góða uppbyggingu er Gamla höfnin þar sem nú er sjálfsprottinn ferðamannastaður. Hópast hafa saman ferðapjónustu fyrirtæki, verslanir, veitingahús og hönnunarbúðir sem að hafa gjör-samlega umbreytt höfninni í lifandi athafnasvæði fyrir okkur og ferðamenn. Höfnin er núna iðandi af lífi allan ársins hring og gömlu verbúðirnar hafa fengið endurnýjun lífdaga. Það er á okkar ábyrgð að passa að ekki sé þrengt of mikið að þessari nýju miðstöð mannlífs og það fái að blómstra og þróast áfram án of mikilla takmarkana af hálfu borgaryfirvalda. Sé lítið á árangurinn fram að þessu þá er hægt að vera spenntur að sjá hvað framtíðin ber í skauti ef yfirvöld leyfa svæðinu að vaxa.

En nú liggur fyrir á deiluskipulagi að þrengja á gífurlega að þessu svæði með 40.500 m² af blandaðri byggð. Svo hægt sé að sjá þetta fyrir sér, þá er um að ræða þrjár 5 hæða blokkir fyrir framan Icelandair Hotel Reykjavík Marina út að sjó og svo alveg að Sjóminjasafninu. Það verður að passa að íbúa-byggð boli ekki burt hafnarstarfsseminni og geri út um þá miklu atvinnu-möguleika sem nú eru í miklum vexti við höfnina.

Betur væri að skoða þéttingu byggðar á öðrum svæðum sem ekki hafa jafn mikil áhrif á atvinnu, menningu og almennt líf í borginni.

Lítið hefur farið fyrir afstöðu Reykvíkinga til þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað eða er stefnt að í uppbyggingu. Það þarf að kanna upplifun Reykvíkinga í skipulagsmálum borgarinnar en eingöngu þannig getum við byggt upp fagra borg.

Aron Ólafsson er frambjóðandi í 4.-5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



Aron Ólafsson.

Hlutverk hins opinbera

Borgin hefur því hlutverki að gegna að þjóna íbúum sínum og mæta óskum þeirra en ekki beita þá þvingunum til að uppfylla útópíska sýn ráðamanna um hvernig samfélagið ætti að vera. Þegar þeir sem eru við stjórnvöld ætla að skipta sér af lífstíl fólks t.d. vegna umhverfis-eða heilsu-sjónarmiða ætti að gera það með hvatningu og fræðslu en ekki for-æðisbyggju.

Háværar raddir hafa heyrst um stöðu Reykjavíkflugvallar og um 70 þúsund undirskriftum hefur verið safnað þar sem skorað er á stjórnvöld að tryggja öllum landsmönnum óskerta flugstarfsemi í Vatnsmýri til frambúðar. Flugvöllurinn er stór vinnustaður og óvissan um framtíð hans er ekki til þess fallin að stuðla að nýsköpun, þróun og vexti fyrirtækja þar. Við óbreyttar aðstæður munu þessi fyrirtæki missa af sóknarfærum. Þrátt fyrir þessar raddir og þá staðreynd að gífurlegt fjármagn þyrfti til að breyta núverandi fyrirkomulagi hafa borgaryfirvöld ákveðið að viðhalda áframhaldandi óvissu um flugvallarsvæðið til ársins 2022.

Samkvæmt nýju aðalskipulagi á að þvinga þann hóp sem kys að ferðast um á bíl til að velja sér annan ferðamáta; með því að fækka bílastæðum, þrengja götur og hægja á umferð. Reykjavík er nyrsta höfuðborg heims og því allra veðra von. Um 80% borgarbúa velja að ferðast um borgina í einkabíl. Bílar eru alltaf að verða umhverfisvænni og öruggari og helstu forsendur skipulagsins verða því ekki mikið lengur til staðar. Í Reykjavík á að vera hægt að tryggja skilvirkar og öruggar samgöngur þar sem allir komast leiðar sinnar á ánægjulegan hátt.

Fólk á að fá að velja sér sinn líf-

stíl og borgaryfirvöld eiga að bera virðingu fyrir vali þess. Ef stjórnvöld ætla að skipta sér af lífstíl fólks t.d. vegna umhverfis-eða heilsu-sjónarmiða ætti að gera það með hvatningu og fræðslu en ekki for-æðisbyggju.



Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Herdís Anna Þorvaldsdóttir

SALON REYKJAVÍK

KYNNIR HÁRLIT **ÁN** AMMONÍAKS, PARABENS, FORMALDEHYDE, RECORCINOL EÐA PLASTS

organic
color systems

GRANDAGARÐI 5 / 568 5305
SALON@SALON.IS

Nauðsyn á bættri íþróttastöðu

Þrátt fyrir háværar raddir borgarbúa um bættu aðstöðu til íþróttaiðkunar í borginni hafa fjárframlög Reykjavíkurborgar til Íþrótt- og tómsundasviðs sáralítið hækkað frá árinu 2012. Í nýrri fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir 5,8 milljörðum í málaflökkinn, en voru 5,6 og 5,2 milljarðar árin 2013 og 2012 á verðlagi hvers árs.

Það lítur því út fyrir að núverandi meirihluti sjái engan tilgang í því að koma barna- og unglingsstarfi í hverfum borgarinnar í betra horf með bættri aðstöðu en mörg íþróttafélaganna eru í miklum vandræðum með að finna tíma í íþróttahúsum borgarinnar til að mæta auknum fjölda iðkenda. Þar af leiðandi geta félögin ekki tekið við öllum þeim börnum sem hafa áhuga á að stunda íþróttir og þurfa að vísa þeim til annarra félaga, eða jafnvel til annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Þessu vil ég breyta. Ég vil auka aðgengi barna að íþrótt- og tómsundastarfi með þátttöku borgar-

innar. Það kemur stöðugt betur í ljós að íþróttir eru besta vopnið í baráttunni gegn ýmsum vágstum nútímans eins og offitu og hreyfingarleysi. Ótal rannsóknir sýna einnig að regluleg hreyfing bætir námsgetu og geðheilsu og er því besta forvörnin. Það ætti því öllum að vera ljóst að fjármunum sem varið er til uppbyggingar íþróttamannvirkja er vel varið.

Björn Gíslaon.

Höfundur er slökkviliðsmaður og býður sig fram í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Björn Gíslaon.

Eflum Vesturbæinn

Ég leita eftir stuðningi við að skipa áfram 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í næstu borgarstjórnarkosningum. Það þarf að rjúfa þá kyrrstöðu sem ríkt hefur í valdatíð núverandi borgarstjórnarmeirihluta.

Undanfarin ár hef ég beitt mér fyrir ýmsum málum er varða íbúa Vesturbæjar.

Sem dæmi um má nefna tillögur um:

- Að lóðinni Keilugranda 1 verði ráðstafað í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfs KR.
- Fjölskylduvænni Vesturbæjarlaug. Barnalaugin var gerð heitari að tillögu Kjartans og skoðaðir möguleikar á vatnsrennibraut.
- Viðbyggingu við Vesturbæjarlaug með innilaug á neðri hæð en líkamsræktarstöð á efri hæð í samstarfi við einkaaðila.
- Að bæta úr aðstöðuskorti inni í þróttahúsi með því að KR taki við rekstri íþróttahúss Hagaskóla utan skólatíma.
- Safnfrístund í Frostaskjólum fyrir börn úr Granda-, Mela- og Vesturbæjarskóla.
- Varanlega lausn á húsnæðisþörf Vesturbæjarskóla.
- Gervigrasvelli á skólalóðum í Vesturbænum, eina hverfi borgarinnar þar sem engan slíkan völl er að finna á skólalóð.
- Áframhaldandi starfsemi á skíðasvæði KR í Skálafelli.
- Korfuknattleiksvöll á lóð Hagaskóla.
- Hertar aðgerðir gegn veggjakroti.
- Undir stjórn Kjartans voru grásleppuskúrarnir við Gríms-

staðavör verndaðir í núverandi mynd.

Næstu fjögur árin mun ég leggja áherslu á:

- Að auka gæði menntunar, m.a. Kjartan með sam-



Kjartan Magnússon.

ráðgjafum árangursmælingum og tryggja foreldrum umsagnarrétt um ráðningu skólustjórna.

• Aukið gagnsæi í fjármálum borgarinnar þannig að borgarbúar séu upplýstir um kostnað verkefna.

• Að lækka skatta með því að afnema þær útsvarshækkningar, sem núverandi borgarstjórnarmeirihluti hefur íþyngt borgarbúum með.

• Aukið umferðaröryggi með mislægum umferðalausnum á stofnbrautum sem draga úr slysum, greiða fyrir umferð og draga úr mengun.

• Bættan hag eldri borgara með því að tryggja aukið lóðaframboð fyrir þjónustuíbúðir á viðráðanlegu verði.

Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að gera Reykjavík að enn líflægri og skemmtilegri borg þar sem frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja er virkjað og þar sem öll hverfi fá að njóta sín.

Kjartan Magnússon

Margrét Friðriksdóttir býður sig fram í 2-4. sæti

Fjölskylduhagur: Margrét er sjálfstæð 36 ára 2. barna móðir, fædd og uppalin í Laugarnes og Langholtshverfinu í Reykjavík, dóttir þeirra Friðriks Alexandersonar fv. skipstjóra og verslunarmanns f. 1933 d. 1995 og Hildu Hafsteinsdóttur fv. verslunarkonu f. 1949 d. 2013.

Menntun: Margrét er með diplomu í frumkvöðlafræðum (Professional diploma in entrepreneurship) frá Keili miðstöð vísinda fræða og atvinnulífs (2010), hún lauk námi í prentsmíð og grafískri miðlun (2006) frá Iðnskólanum í Reykjavík og er með diplomu í forritun frá Tölvu og verkfræðiþjónustunni.

Starf: Margrét starfar sjálfstætt og sem freelancer í grafískri miðlun. Margrét var starfsmaður þjóðfundar 2010 og þátttakandi í ýmsum grasrótahópum og þjóðfélagsumræðum frá 2009-2012. Margrét stofnaði til fyrstu Icesave mótmælanna á Íslandi fyrir utan Stjórnarráðið og Alþingishúsið 21. nóv 2009 og

hélt meðal annars uppi Icesave mótmælendasíðu á facebook sem nefndist "I am no Iceslave". Áhugi Margrétar á stjórnmálum hófst um og eftir hrúnið 2008 þegar mikil vitundarvakning varð í þjóðfélaginu á þeim málefnum og vonast til að geta komið að því að breyta til hins betra og endurheimt traust fólksins á þeim vettvangi, þá með gagnsæi og heiðarleikann að leiðarljósi.

Margrét óskar eftir stuðningi sjálfstæðisfólks og borgarbúa í Reykjavík. facebook síða: <https://www.facebook.com/MaggaFrikka>



Margrét Friðriksdóttir.

MATUR OG VÍN:

Uppskrift mánaðarins

Kjúklingabringur með parmaskinku og basil

Leiðbeiningar:

Notið beittan hnif til að skera vasa í bringurnar. Skerið ostinn í tvennt og leggið hann ofan á eina sneið af parma skinku og eitt blað af basiliku, kryddið með pipar og rúllið sneiðinni upp. Setjið því næst fyllinguna inn í bringuna og brúnið hana á pönnu í um það bil 2-3 mínútur á hvorri hlið. Kryddið með salti og pipar, leggið í eldfast mót og bakið í ofni við 180°C í 15-20 mínútur.

Sveppasósa.

Hvítvín og rjóminn er sett í pott ásamt smáklípu af grænmetiskrafti og soðið niður þar til það nær hæfilegri þykkt. Sveppirnir eru steiktir á pönnu og kryddaðir með salti og pipar. Því næst er sveppum bætt út í pottinn ásamt sérrínu og sósan smökkuð til og krydduð með grænmetiskrafti og salti og pipar ef þarf.

Hráefni:

4 stórar kjúklingabringur
4 sneiðar parmaskinka
2 kúlur ferskur mozzarellaostur
4 stór blöð ferskt basil
sjávarsalt og nýmalaður svartur pipar
jómfrúarolífa

Sveppasósa

250 g sveppir, skornir í sneiðar
250 ml rjómi
250 ml hvítvín
50 ml sætt sérrí
grænmetiskraftur
sjávarsalt og nýmalaður pipar
jómfrúarolífa til steikingar

Bakaðar sætar kartöflur – tilvalið meðlæti

800 g sætar kartöflur
20 g brætt smjör
2 tsk sesamfræ
½ tsk nýmalaður svartur pipar
Hitið ofninn í 180°C. Afhýðið kartöflurnar og skerið í 1 cm þykkar sneiðar. Blandið þeim saman við smjórið, piparinn og sesamfræin. Bakið í 25 mínútur. Kryddið með salti áður en borið er fram.



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

Piccini Memoro, hvítt - Ítalía

1.999 kr.
Stráguft. Meðalfylling, þurr, fersk sýra. Ljós ávöxtur, pera, eik, hunang.

Masi Modello hvítt

1.799 kr.
Fölgrent. Lítt fylling, þurr, mild sýra. Ljós ávöxtur, epli, melóna.



Uppskrift mánaðarins

Þennan rétt völdum við sem uppskrift mánaðarins því hann er mjög gómsætur og einfaldur í eldamennsku og ekki skemmir að öll aðföng má fá á einum stað í næstu Nóatúnsverslun.

Það kórónar hverja máltíð að njóta þess að drekka gott vín með matnum. Við látum fylgja hér með tillögur að tveimur vintegundum sem hæfa þessum rétti alveg einstaklega vel.

Verði ykkur að góðu.

NÓATÚN

Fjölbreytt úrval á morgunverðarhlaðborði Radisson BLU Hótel Sögu

-heilsudrykkir framleiddir á staðnum úr ferskum ávöxtum

Radisson BLU Hótel Saga við Hagatorg hefur aukið umtalsvert við gæði og framboðið á morgunverðarhlaðborðinu á hótelinu. Morgunverðarhlaðborðið hefur verið fært úr Skrúð í Sunnusal, og það gefur umtalsvert meiri möguleika á enn betri þjónustu, m.a. með stærra hlaðborði.

Boðið er m.a. upp á ferska heilsudrykki sem framleiddir eru á staðnum á boost og djúsbar með pressun á ferskum ávöxtum sem eykur fjölbreytnina til muna. Valgerður Ósk Ómarsdóttir, markaðs- og sýning Guðrúnar Gunnarsdóttur. Ópið verkstæði aðarvörur séu ætíð vinsælar með al erlendra sem innlendra gesta hótelsins, og þar skipar skýrið stóran sess. Þann 31. október sl. var Halloween-dagurinn, sem fyrst og fremst er haldinn hátíðlegur í Bandaríkjunum en vegna þess að þann dag var hlutfall barna af hótlegstum nokkuð stór var sérstakt halloween-horn á morgunverðarborðinu og starfsfólk var með viðeigandi höfuðföt.

Valgerður bendir á að þótt morgunverðarhlaðborðið sé ekki lengur í Skrúði, gegni veitingastaðurinn mikilvægu hlutverki á hótelinu, en bæði í hádeginu og á kvöldin er þar boðið upp á girnilega rétti. Þegar tónleikar eru í Háskólabíói getur verið hentugt að koma fyrst í Skrúð og gæða sér á einhverjum af þeim frábæru réttum sem þar eru til boða daglega á hlaðborði, í hádeginu og á kvöldin en opnað er kl. 18:00 svo nægur



Kokkarnir við hluta morgunverðarborðsins.

tími ætti að vera áður en tónleikar eða annað menningarefni hefst sem sótt er.

Aðspurð um verð á morgunverðarhlaðborðinu segir Valgerður að heilsudrykkir úr ferskum ávöxtum kosti 750 krónur, léttur morgunverður 1.550 krónur og þá er ekki innifalið heitur matur eða heilsudrykkir en morgunverðarhlaðborð með heilsudrykkjum kostar 2.700 krónur. Morgunverðarhlaðborðið er ekki eingöngu fyrir hótlegsti, þangað getur hver sem er komið, t.d. gæti verið heppilegt að koma úr morgunundinu úr Vesturbæjarlaug eða annari sundlaug og fá sér hressingu áður en farið er í



Fjölbreytt úrvals heilsudrykkja er í boði, framleiddir úr ferskum ávöxtum á staðnum.

vinnuna, og svo er hægt að taka með sér heilsudrykki.



Vinnustofurnar að Nýlendugötu 14.

Dagur íslenskrar myndlistar

Dagur myndlistar var haldinn hátíðlegur um allt land 2. nóvember sl. Þar gafst almenningi kostur á að hitta listamenn og sjá opnar vinnustofur þeirra.

Þetta hefur verið árviss viðburður sl. fimm ár. Mikið af listamönnum búa í Vesturbænum eða hafa vinnustofur þar. Margir grunn-skóla fengu fræðslu í kjölfarið frá myndlistarmönnum og eru gerðar til að veita unglíngum innsýn inn í viðamikil starf listamannsins og bæta þannig grunnþekkingu á starfinu. Skólar á öllu landinu tóku

þátt en kynningarnar standa til 29. nóvember nk.

Í Vesturbænum voru vinnustofur víða opnar, m.a. að Nýlendugötu 14, Seljavegi 32, opið hús var í SÍM húsinu Hafnarstræti 16 Reykjavík og sýning Guðrúnar Gunnarsdóttur. Ópið verkstæði var hjá Myndhöggvarafélaginu Nýlendugötu og opið verkstæði hjá Íslenskri grafík þar sem gestir fylgdust með grafíklistamönnum gera silkiprykk og sýning var í salnum í Hafnarhúsinu, Tryggvagötu.

Bókin heim

Borgarbókasafn Reykjavíkur býður þeim sem ekki eiga heimangengt vegna fötlunar eða aldurs að fá bækur og annað efni úr bókasafninu sent heim til sín. Starfsmenn safnsins velja efnið í samráði við viðkomandi.

Upplýsingar og skráning í síma: 411 6100 eða í tölvupósti: borgarbokasafn@borgarbokasafn.is

BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

Tryggvagötu 15 s. 411 6100
www.borgarbokasafn.is



Innilega velkomín á Jólabasar Hollvína Grensásdeildar

Laugardag 23. nóvember kl. 13-17
í safnaðarheimili Grensáskirkju.

Margs konar handunnir munir, bækur
og myndir sem henta vel til gjafa.

Kaffi, súkkulaði og vöfflur!

Komið, gerið góð kaup og styðjið
gott málefni!



Herdís Þorvaldsdóttir 5. sæti

herdisthorvalds.is

Jólahlaðborð

Jólahlaðborð Veislunnar hefur notið mikilla vinsælda í tvo áratugi. Við leggjum alúð og metnað til að skapa jólalegt andrúmsloft yfir glæsilegum veitingum!

Sendum jólahlaðborðið heim, í vinnuna, veislusal eða þar sem þú óskar eftir.

Hringdu og leitaðu tilboða.
Sími 561 2031

Veislan - veitingaeldhús
www.veislan.is

Öflugir einstaklingar stjórna KR!

Til að reka öflugt íþróttafélag eins og Knattspyrnufélag Reykjavíkur þarf bæði virka stjórnarmenn og öfluga sem eru auðvitað gegnheilir KR-ingar!

Á nýlegum stjórnarfundi létu stjórnarmenn tilleiðast að líta upp svo hægt væri að taka af þeim mynd. Á myndinni eru f.v. Páll Kolbeinsson varaformaður, Guðbjörg Jónsdóttir meðstjórnandi, Jónas Kristinsson framkvæmdastjóri, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson formaður, Elín Rósa Guðmundsdóttir gjaldkeri, Helgi Kristófer Helgason ritari og Árni Rudolf Rudólfsson meðstjórnandi. Fjarstaddur var Magnús Ingimundarson meðstjórnandi..



Hrafnhildur og Theódór markmenn ársins hjá KR

Nýlega voru útnefndir markmenn ársins hjá KR, en forspraki þess að farið er að velja markmann ársins hjá KR er Heimir Guðjónsson sem varði mark KR og landsliðsins með glæsibrag á 6. og 7. áratug síðustu aldar og hann gaf einnig farandbikarana sem markmenn ársins fá.

Fulltrúi markvarðafélagsins hjá KR, Guðmundur Pétursson, afhenti bikarana en Heimir dvelur á Spáni. Hrafnhildur Agnarsdóttir fékka bikarinn í þriðja sinn en hún vann hann einnig 2010 og 2012. Hrafnhildur varði mark meistaraflökks kvenna af stakri þrýði í sumar þar til hún fór til Bandaríkjanna til náms.

Theódór Árni Mathiesen lék með 3. flokki KR í sumar, en 3. flokkur varð bikarmeistarar eftir sigur á Breiðablik 1:0 í úrslitaleik sem fram fór á KR-velli. Theódór lék einnig nokkra leiki með 2. flokk í sumar. Bæði Theódór og Hrafnhildur hafa leikið alla sína tíð með KR.



Theódór Árni Mathiesen með bikarinn. Hrafnhildur Agnarsdóttir var fjarri stödd, er við nám í Bandaríkjunum.

Njarðvíkingar slógu KR-inga út úr bikarkeppninni

Njarðvíkingar tóku fyrir skömmu á móti KR-ingum í bikarkeppni karla í körfubolta. Njarðvík vann 4 stiga sigur, 91:87, eftir að KR hafði unnið tvö fyrstu leikhlutanna en síðan vann Njarðvík seinni hálfleikinn nokkuð örugglega og þar með leikinn.

Darri Hilmarsson var stigahæstur KR-inga með 24 stig og tók 5 fráköst, Helgi Már Magnússon skoraði 21 stig, Martin Hermannsson 15 stig og Pavel Ermolinskij skor-

aði 9 stig, en hann tók hins vegar 11 fráköst og átti 13 stoðsendingar en það dugði samt ekki til. KR vann svo í Dominosdeildinni sætan en öruggan sigur á Stjörnunni, 88:84 þar sem Martin Hermannsson fór á kostum og skoraði 31 stig og átti 8 stoðsendingar.

Í Dominosdeild karla leika KR-ingar næst við Njarðvíkinga og fer leikurinn fram í kvöld, 14. nóvember í Frostaskjólínu. Þar gefst KR ráðrúm til leita hefnda fyrir bik-

artapið. Síðan leika KR-ingar við Keflvíkinga 21. nóvember, og fer sá leikur fram í Keflavík og síðan taka þeir á móti Þór Þorlákshöfn í Frostaskjólínu 28. nóvember nk.

Kvennalið KR leikur næst við Njarðvík á heimavelli sunnudaginn 17. nóvember og við Hauka 24. nóvember, einnig á heimavelli, en Haukaliðið hefur komið talsvert á óvart í haust svo sá leikur gæti orðið jafn og bráðskemmtilegur.

Gróttu og KR sameinast í kvennafótboltanum - búningamál í skoðun

Gróttu og KR hafa hafið samstarf í 2., 3. og 4. flokki kvenna í fótbolta með það að leiðarljósi að efla kvennaknattspyrnu í Vesturbænum og á Seltjarnarnesi.

Með samstarfinu verða æfingahópar flokkanna stærri og öflugri og til í slaginn við bestu lið landsins næsta sumar. Markmiðið er að bjóða Gróttu- og KR-stelpum upp á fyrsta flokks þjálfun og umhverfi til að ná markmiðum sínum í fótbolta. Flokkarnir hafa nú æft saman í tæpan mánuð og mælist samstarfið afar vel fyrir hjá bæði iðkendum og foreldrum þeirra. Kastað var upp á nafn liðsins sem mun heita Gróttu/KR en búningamál eru enn í skoðun.



Hilmar Steinar Sigurðsson, formaður knattspyrnudeildar Gróttu og Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR, undirrita samstarfssamninginn milli knattspyrnudeildanna.

KR-SÍÐAN



Handbolti:

KR-ingar í 6. flokki unnu sínar deildir



Sigurreifir KR-ingar eftir turneringarnar.

KR vann góðan sigur í handbolta þegar 6. flokkur eldri vann sína sína deild í Laugardalshöll og 6. flokkur yngri sína deild á Akureyri í KA heimilinu.

Sannarlega vel staðið af keppendum en árangur þeirra yngri

er stöðugt að batna, en ekki er langt síðan starfsemi handknattleiksdeildar KR var endurreist, og í vetur keppir meistaraflokkur KR í 1. deild karla, og hefur staðið samkvæmt væntingum.



www.kr.is



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMER
KR ER 107

Við opnum nýja kynslóð útibúa í Vesturbæ

Landsbankinn opnar nýja kynslóð útibúa við Hagatorg í Vesturbæ mánudaginn 25. nóvember. Með því stígum við mikilvægt skref í nútímavæðingu útibúa, í takt við stóraukna netnotkun og breyttar þarfir viðskiptavina.

Breytt meðhöndlun á reiðufé

Öll meðhöndlun seðla verður í nýrri gerð hraðbanka þar sem m.a. er hægt að leggja inn reiðufé og greiða reikninga.

Aukin þjónusta

Með nýrri tækni hefur skapast tækifæri til að gera þjónustu bankans sérhæfðari og sveigjanlegri.

Við opnum 25. nóvember

Vegna framkvæmda verður útibúið lokað 21. og 22. nóvember en opnar á ný mánudaginn 25. nóvember kl. 9.00.

Við bjóðum ykkur velkomin í útibú Landsbankans við Hagatorg í Vesturbæ. Allar nánari upplýsingar um breytingarnar er að finna á landsbankinn.is/nyutibu.

